

# Ársskýrsla 2001



# Fjármál

## Lykiltölur úr rekstrinum

	2001	2000	1999	1998
<b>Tekjur og framlög</b>				hálftr ári
Tekjur af sófnunarkóssum	559.333	561.339	548.483	269.280
Gjafir og safnanir	73.987	78.912	83.962	56.861
Samingsbundin verk við stjórnvöld	70.096	52.731	65.546	26.477
Aðrar tekjur	75.749	62.299	110.701	50.987
<b>Samtals</b>	<b><u>779.165</u></b>	<b><u>755.281</u></b>	<b><u>808.692</u></b>	<b><u>403.605</u></b>
<b>Framlög til verkefna</b>				
Alþjóðahjálparstarf	153.984	168.715	181.641	98.379
Alþjóðasamstarf	77.184	67.167	68.711	8.224
Framlög til deilda	176.794	165.484	160.608	78.139
Innanlandsstarf	157.689	153.570	134.887	65.452
Sjúkraflutningar	106.326	75.061	97.718	26.336
RK-húsið	28.552	23.780	23.034	12.052
Vin	17.441	15.317	13.794	6.233

## Skipting útgjalda eftir verkefnum

Verkefni	2001		2000	
Framlög til deilda	176.794	21%	165.484	22%
Innanlandsstarf	157.689	19%	153.570	20%
Alþjóðahjálparstarf	153.984	19%	168.715	22%
Alþjóðasamstarf	46.781	6%	37.776	5%
Flóttamenn og hælisleitendur	30.403	4%	29.391	4%
Sjúkraflutningar	106.326	13%	75.061	10%
Önnur starfsemi	158.845	19%	139.413	18%
	<u>830.822</u>	100%	<u>769.410</u>	100%
<b>Innanlandsstarfið</b>				
Deildastarf	37.125	24%	32.193	21%
Heilbrigðismál og almannavarnir	32.677	21%	36.545	24%
Vin	17.441	11%	15.317	10%
Rauðakrosshúsið	28.552	18%	23.780	15%
Önnur innanlandsverkefni	<u>41.894</u>	27%	<u>45.735</u>	30%

<u>157.689</u>	100%	<u>153.570</u>	100%
----------------	------	----------------	------

**Alþjóðahjálparstarfið**

Neyðaraðstoð	44.192	29%	87.634	52%
Þróunaraðstoð	55.384	36%	42.868	25%
Sendifulltrúar	54.408	35%	38.213	23%
<u>153.984</u>	100%	<u>168.715</u>	100%	

## Upplýsinga- og markaðsskrifstofa

Á sviði kynningar, fræðslu og fjáröflunar varð öflug uppsveifla á árinu 2002 í kjölfar sameiningar á upplýsinga- og markaðssviði um áramótin og ráðningar fræðslufulltrúa á aðalskrifstofu.

Fjáröflunarstefna sem stjórn samþykkti síðsumars eftir töluverðan undirbúning af hálfu starfsmanna lagði grunn að auknum tækifærum til fjáröflunar, einkum meðal fyrirtækja. Fyrsta samstarfsverkefnið samkvæmt þessari stefnu var við Lyfjaverslun Íslands um framleiðslu og markaðssetningu á skyndihjálparbúnaði.

Í fjáröflun er áhersla lögð á að viðhalda og efla þá tegund fjáröflunar sem fyrir er og gefur góðan arð en halda á sama tíma á ný og ókönnuð mið.

Með tilkomu fræðslufulltrúa var mörkuð stefna í skólafræðslu sem segja má að hafi litið dagsins ljós með haustinu, þegar skólaárið byrjaði. Þá var grunnskólum boðið upp á námsefnið Hjálpfús fyrir miðstig og Æska í skugga ofbeldis fyrir unglिंगastigið. Hvort tveggja fékk góðar viðtökur. Auk þess býður Rauði krossinn upp á bækur um líf barna í Asíu og skyndihjálparkenntu fyrir neðsta stig.

Á verksviði fræðslufulltrúa er einnig að hafa umsjón með nafnalistum Rauða kross Íslands. Á árinu 2002 var stigið stórt skref með því að nú hefur félagið tök á að halda utan um alla þá sem tengjast félaginu sem félagsmenn, styrktarmenn, sjálfboðaliðar, leiðbeinendur eða þátttakendur á námskeiðum. Þetta eru nú um 28 þúsund einstaklingar.

Upplýsingastarf snerist um miðlun upplýsinga til fjölmiðla og félagsmanna. Samtals birtust 725 fréttir, greinar eða auglýsingar um Rauða krossinn í blöðum og netmiðlum, eða tvær á dag. Í ljósvakamiðlum var fjallað um félagið að meðaltali annan hvern dag. Áherslan var á fréttir af sjálfboðnu starfi á heimavelli auk þess sem talsvert er leitað til Rauða krossins sem upplýsingakildu um alþjóðleg mannúðarmál.

Tvær stórar Hjálpir, önnur 16 síður og hin 20 síður, voru sendar til félagsmanna, styrktarfélaga og markhópa. Fyrri Hjálpin var tileinkuð Alþjóðlegu ári sjálfboðaliðans. Ein lítil Hjálp, fjórar síður, var send til styrktarmanna til að upplýsa þá um alþjóðamál og starf vegna styrktarmálefnisins, sem var alnæmi í sunnanverðri Afríku.

Vefnum var viðhaldið þannig að í hverri viku birtust að meðaltali tvær til þrjár fréttir á forsiðu af starfi Rauða krossins innanlands og alþjóðlega.

## Upplýsingastarf

Í upplýsingastarfi Rauða kross Íslands var unnið eftir fyrirfram skilgreindum markmiðum, sem eru að viðhalda sterkri ímynd félagsins á sviði alþjóðlegs hjálparstarfs, bæta ímynd Rauða krossins sem spennandi vettvangs sjálfboðins starfs á heimaslóðum og að fjölga félögum.

Áhersla var lögð á jákvæð samskipti við fjölmiðla, sem birtu í kringum eitt þúsund greinar um félagið og starf þess á árinu. Í prent- og netmiðlum voru birtar 725 greinar (fréttir, greinar, auglýsingar og annað) um félagið, eða um það bil tvær á dag. Í ljósvakamiðlum var birt frétt um Rauða krossinn að meðaltali annan hvern dag. Þá eru ekki talin með lengri viðtöl og einungis aðalfréttatímar útvarps og sjónvarps.

Hlutfallsleg skipting umfjöllunar í prent- og netmiðlum var sem hér segir:

Fjáröflun	19,03%
Rauðakrosshúsið	2,76%
Vin	1,93%
Skyndihjálp	5,38%
Annað innanlandsstarf	42,62%
Alþjóðastarf	12,14%
Ýmislegt	16,14%
	<hr/>
	100,00%

Þrjár Hjálpir, fréttabréf Rauða kross Íslands, voru gefnar út á árinu. Tvær þeirra voru sendar til félagsmanna, styrktarféлага og markhópa og ein eingöngu til styrktarmanna til að upplýsa þá um framgang verkefnisins sem þeir styðja. Hjálpin er sá fjölmiðill – auk fréttamiðla – sem helst er notaður til að viðhalda sambandi við féлага og aðra hópa Rauða krossins.

Vef Rauða krossins, [www.redcross.is](http://www.redcross.is), var viðhaldið með áherslu á að birta fréttir úr starfinu á forsiðu. Milli tvær og þrjár nýjar fréttir voru birtar á forsiðu í hverri viku. Þá var bætt við nokkrum undirvefjum og nú eru þeir orðnir þrír, vefur Ungmennahreyfingarinnar, Skólavefur og vefur Reykjavíkurdeldar.

Í tengslum við alþjóðlegt ár sjálfbóðaliðans var lögð mikil áhersla á hinn mikla þátt sjálfbóðaliða í starfi félagsins. Þannig var ein Hjálp algjörlega tileinkuð sjálfbóðaliðum með viðtölum við 26 innlenda og erlenda sjálfbóðaliða.

Aukin áhersla er nú lögð á öflun nýrra féлага enda ýmislegt sem bendir til að félagatalið sé óþarflega úr takti við þjóðfélagið. Einkum vantar yngra fólk og á miðjum aldri inn í félagið, svo það verði spegilmynd af þjóðfélaginu. Það hversu lágt hlutfall féлага greiðir árgjaldið er ábending um að ekki sé vanþörf á að fá fleiri til liðs við félagið og virkja þá sem fyrir eru.

Í því skyni að fá fólk til fylgis við félagið var hvatt til félagsaðildar á kynningarfundum, námskeiðum, í fjölmiðlum og á Netinu. Auk þess var bréf sent til allra nýútskrifaðra háskólanema. Árangurinn varð sá að á árinu 2001 bættust við 630 félagar. Hver þeirra fær sendan bæklinginn „Velkominn í hópinn.“

Haldin var ljósmyndasýning þýska ljósmyndarans Till Mayers á myndum frá Makedóníu. Sýningin var sett upp í Odda húsi Háskóla Íslands. Utanríkisráðherra opnaði sýninguna að viðstöddu fjölmenni.

## Fjáröflun

Fjáröflun ársins 2001 var að mestu með hefðbundnu sniði en nýmæli varð með nýrri fjáröflunastefnu sem felst í að leitað verði til fyrirtækja í auknu mæli en áður með fastbundið samstarf í huga.

## Fjáröflunarstefna

Á árinu var samþykkt ný fjáröflunarstefna þar sem lögð er meiri áhersla á samstarf við fyrirtæki en til þessa.

## Fyrirtækjasamstarf

Fjáröflun og samstarf við fyrirtæki er helsta nýlunda í nýrri fjáröflunarstefnu en með henni verður samstarf við fyrirtæki í fastari skorðum en áður. Leitað verður til fyrirtækja um að þau gerist aðalstyrktaraðilar (tvö til þrjú fyrirtæki) í þrjú til fimm ár. Fyrirtæki gerist verkefnastyrktaraðilar með ákveðnu verkefni á vegum Rauða kross Íslands eða atburðarstyrktaraðilar eins ákveðins atburðar á vegum hreyfingarinnar, t.d. Evrópuþegi í skyndihjálpar.

### **Lyfjaverslun Íslands**

Fyrsta samstarfsverkefni samkvæmt nýrri fjáröflunarstefnu er við Lyfjaverslun Íslands og snýst um framleiðslu og sölu á "Bílatösku" þ.e. sjúkratösku í bíla. Lyfjaverslun Íslands er því verkefnastyrktaraðili skyndihjálpar Rauða kross Íslands. Rauði kross Íslands fær 20 prósent af heildsöluverði Bílatöskunnar sem rennur til uppbyggingar í skyndihjálparfræðslu. Verkefnið fór af stað þann 6. september og við það tækifæri var Davíð Oddsyni, forsætisráðherra, afhent fyrsta taskan. Sala "Bílatöskunnar" skilaðu rúmlega 400 þúsund krónum á síðustu fjórum mánuðum ársins. Samstarfið verður útvíkkað á árinu 2002 með framleiðslu sjúkrakassa fyrir heimili og sjúkratösku fyrir útivistarmenn/gönguhópa.

### **Ungfrú Ísland.is**

Samstarfi við Ungfrú Ísland.is var haldið áfram og auk aðgangs okkar að sigurvegurum keppninnar til þessa m.a. í tengslum við kynningu á Evrópuþegi í skyndihjálpar í Kringlunni var haldið uppboð í samvinnu við Gallerí Fold á Hótel Sögu. Þrjátíu og tveir listamenn gáfu verk til uppboðsins og söfnuðust ríflega 600 þúsund krónur með þessu móti. Flest verkanna seldust en þau sem ekki seldust prýða nú vegg Rauðakrosshússins.

### **Styrktarsöfnun fyrir Vin**

Farið var í styrktarsöfnun fyrir Vin á allra síðustu dögum ársins með sölu á styrktarlógóum í heilsíðu auglýsingu í Morgunblaðið. Söfnunin var í samstarfi við Markaðslausnir og skilaði tæpum 700 þúsund krónum í rekstur Vinjar. Vert er að skoða hvort hér sé um að ræða söfnunarleið sem gæti orðið árlega.

### **Styrktarmannasöfnun**

Hringt var á vegum Skúlasonar ehf. til um 7.600 félagsmanna og þeim boðið að gerast styrktarfélagar og greiða 2.500 krónur á ári í alþjóðlegt hjálparstarf. Aðrir félagsmenn voru annað hvort of ungir eða of gamlir eða þá að fleiri en einn voru á sama heimili. Alls svöruðu 23 prósent þeirra jákvætt eða um 1.692 og verða allir gíröseðlar greiddir safnast samtals 4.347.300 krónur. Útlagður kostnaður var 3.253.122 krónur.

Fyrirtækjapennar "Gegn ofbeldi"

Sala á pennunum fór fram í maí til júlí og síðan í september og október. Salan fór fram á vegum SMS sem er úthringifyrirtæki á Stöðvarfirði gegn 27 prósent þóknun, og var hringt til fyrirtækja og þeim boðnir pennarnir til kaups. Alls söfnuðust ríflega þrjár milljónir í þessu átaki en hagnaður rennur í Gegn ofbeldi verkefnið.

### **Jólahefti Rauðakrosshússins**

Sala jólahefta var með hefðbundnu sniði og í lok desember höfðu um 10,5 milljónir

safnast með sölu jólaheftanna. Myndirnar í jólaheftinu voru eftir Freyju Önundardóttur. Þetta er augljóslega fjáröflunarleið sem vert er að viðhalda og tenging við Rauðakrosshúsið auðveldar sölu á heftunum.

### Ýmislegt:

#### Sjúkrabílabangsar

Alls voru pantaðir 1.000 "sjúkrabílabangsar" og hafa deildir þegar pantað liðlega 500 bangsa. Bangsarnir eru klæddir í búninga sjúkraflutningamanna, en hefð er fyrir því að gefa börnum sem flutt eru í sjúkrabílum svona tuskudýr.

#### Spilastokkar

Spilastokkar voru framleiddir fyrir Rauðakrosshúsið og eru í sölu hjá Máli og Menningu.

#### Kringlujól

Söfnun fyrir árlegar jólagjafir á vegum Reykjavíkurbæjar Rauða kross Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar var haldin í samstarfi við Kringluna m.a. með sölu á geisladisknum "Kringlujól". Upplýsinga- og markaðsdeild aðstoðaði við þessa söfnun og fékkst ágæt kynning á hreyfingunni en söfnunin skilaði einungis 300 þús. krónum sem var miklu lægri upphæð en vonast til.

#### Fræðsla

Fræðsludeild var stofnuð um áramótin. Hefur hún meðal annars það hlutverk að samræma fræðslu og útgáfu sem veitt er af hálfu félagsins.

#### Skólafræðsla

Í byrjun árs var skoðuð framtíð skólafræðslu Rauða krossins og í samstarfi við deildir innan aðalskrifstofu sett markmið með fræðslu í skólakerfinu.

Hefst markmiðið á þessari setningu:

„Skólafræðslu Rauða krossins er ætlað að stuðla að því að grunnskólanemendur kynnist mannúðarhugsjón Rauða krossins“ en er síðan útfært þannig:

Að nemendur:

- kynnist menningarlegri fjölbreytni
- séu meðvitaðir um þann mun sem er á aðstæðum fólks, bæði á Íslandi og um allan heim
- kynnist grundvallarreglum alþjóðlegra mannúðarlaga
- fái innsýn í tilgang og fyrirkomulag alþjóðlegrar samhjálpar
- kynnist starfi og hugsjón Rauða krossins
- viti hvernig þeir geti tekið þátt í sjálfböðnu mannúðarstarfi
- geri sér grein fyrir orsökum og afleiðingum margvíslegra meinsemda í samfélaginu, svo og eigin persónulega ábyrgð
- læri undirstöðuatriði skyndihjálpar

Þessi markmið hafa verið útfærð nánar með tilliti til aldursstiga grunnskólans.

Í júní var verkefnaráðinn starfsmaður, Sigríður María Tómasdóttir, en hún hafði starfað sumarið áður að fræðslumálum í innanlandsdeild. Verkefni hennar var að vinna kennsluleiðbeiningar og verkefni fyrir Skólavef sem ákveðið var að setja í framkvæmd.

Það vantaði kennsluleiðbeiningar með því fræðsluefni sem var á boðstólnum og í stað þess að fara út í dýra prentun var það sett á vefinn.

Mest öllu fræðsluefni er dreift af Námsgagnastofnun og þeir hafa verið ötulir við að kynna það innan lífsleikninnar.

Það efni sem nú er til er:

**Neðstastig:** Bókaflokkurinn Börn í Asíu sem er safn bóka sem Adda Steina Björnsdóttir hefur skrifað um líf barna í Kasakstan (Sasha), Filippseyimum (Elvíra) og Kína (Lí Song) og nú fyrir jólin kom út bók frá Indlandi. Bækurnar eru gefnar út hjá Æskunni en kennsluleiðbeiningar og skemmtileg verkefni er að finna á skólavefnum.

Við hjálpum og Við kennum er kennsluefni í Skyndihjálp.

**Miðstig:** Hjálpfús, sem er námsefni sem kynnir mannúðarhugsjón Rauða krossins. Höfundur er Sigríður Birna Valsdóttir og kom bókinn út árið 2000. Nú er hægt að finna kennsluleiðbeiningar og verkefni á skólavefnum.

**Unglingastig:** Æska í skugga ofbeldis er efni sem var unnið í samvinnu Rauða krossins og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Tvö 13 mínútna myndbönd lýsa aðstæðum barna sem taka þátt í stríði og barna sem verða að vinna við afar erfiðar aðstæður til að veita fjölskyldu sinni farborða. Var efnið þýtt og framlétt árið 2001 hjá Rauða krossi Íslands og er því verið að kenna það í fyrsta sinn þennan vetur. Það er gott að geta boðið upp á slíkt efni, því það brenna margar spurningar á börnum um stríð eftir hörmungarnar í Afganistan.

Á framkvæmdaáætlun 2002 er að gefa út efni fyrir leikskólabörnin.

Framhaldsskóla- og háskólanemar nota bókasafn Rauða krossins í þó nokkru mæli til að finna ritgerðarefni. Einnig er að finna heilmikið efni á vefnum sem þeir hafa nýtt sér. Skólavefurinn og kennsluefnið var kynnt fyrir kennurum á haustþingum Kennarasambandsins um land allt. Fékk efnið þó nokkra athygli.

Einnig var beðið um kynningu á málþingi unglingsdeildar Amnesty um mannréttindakennslu í skólum.

Skólar hafa beðið um Rauða kross kynningu fyrir nemendur sína, sérstaklega eftir að hafa farið í kennsluefnið Hjálpfús. Höfum við orðið við því með hjálp fræðsluteymis.

Í desember var haldið fyrir fræðsluteymi námskeiðið: Góð ráð fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu. „Nýjar leiðir við kennslu fullorðinna“. Leiðbeinandi var Sigrún Jóhannesdóttir á vegum fyrirtækisins Skref fyrir Skref.

Var námskeiðið mjög áhugavert og skemmtilegt og þjappaði fræðsluteymi saman.

Námskeið fyrir nýja starfsmenn var haldið í júní. Leiðbeinendur voru Konráð

Kristjánsson og Gestur Hrólfsson. Starfsmönnum var boðið á námskeið í sálrænni- og almennri skyndihjálp á árinu.

## Útgáfa

Fræðslufulltrúi hefur stutt við útgáfu bæklinga og kennsluefnis eftir þörfum og uppfært efni á vefsíðu Rauða krossins og Reykjavíkureildar. Meðal bæklinga sem út komu eru: Endurútgáfa á Geðheilsa er... 1 2 3 og Vinjarbæklingi. Nýjir bæklingar eru Heimsóknarþjónusta, bæði fyrir sjálfboðaliða og þá sem þurfa á þjónustunni að halda, Sjúkrahótel, kynning á sjúkrahóтели Rauða krossins við Rauðarárstíg, Laut athvarf fyrir geðfatlaða á Akureyri og Aðstoð við börn eftir áfall.



### **Bókasafn**

Útlán á bókasafninu voru færð í tölvutækt form á árinu og skírteini gefin út. Hafa allir starfsmenn og stjórnarmenn deilda og Rauða krossins fengið skírteini og allir þeir sem heimsækja safnið.

Til stendur að sameina öll bókasöfn á landinu í eitt landskerfi. Fara stóru bókasöfnin í kerfið haustið 2002 en minni söfn árið 2003. Í gangi er vinnuhópur innan Metrabókar sem er það kerfi sem Rauða kross safnið notar og eru fundargerðir sendir í tölvupósti, þannig að við fylgjumst með. Það verður ánægjulegt að vita til þess að titlarnir okkar verði sýnilegri fyrir landsmenn alla.

**Gagnagrunnur** fyrir markhópa Rauða krossins er orðinn að veruleika. Í hann eru skráðir allir félagsmenn, styrktarmenn, sjálfboðaliðar, leiðbeinendur og nú síðast þátttakendur á námskeiðum. Í grunninum eru komnir nú þegar tæplega 28 þúsund einstaklingar og fjölgar óðum.

## Alþjóðastarf

Alþjóðastarf Rauða kross Íslands var umfangsmikið á árinu 2001, en félagið sinnir bæði neyðaraðstoð erlendis og uppbyggingu til lengri tíma. Á árinu 2001 var enn sem fyrr mikil þörf fyrir neyðaraðstoð og félagið jók einnig þróunarsamvinnu sína til muna. Rauði kross Íslands starfrækti þróunarverkefni í ellefu löndum, veitt var neyðaraðstoð til 20 landa og 19 sendifulltrúar störfuðu á vegum félagsins víðs vegar um heim.

Deildir Rauða krossins um land allt tóku virkan þátt í alþjóðastarfi félagsins á árinu. Flestar deildir taka þátt í vinadeildasamstarfi við Rauða kross deildir erlendis og styðja við ýmiss konar verkefni á vegum vinadeilda sinna. Jafnframt juku deildirnar framlög sín til neyðaraðstoðar til mikilla muna sem sýnir að deildir félagsins bregðast við neyð bæði innanlands og utan.

Í þróunarsamvinnu voru verkefni í þágu alnæmissmitaðra ofarlega á baugi. Rauða kross hreyfingin í heild hefur ákveðið að beita sér í að hefta útbreiðslu sjúkdómsins og vinna í þágu smitaðra og á árinu hóf Rauði kross Íslands undirbúning að alnæmisverkefnum í Afríku. Stærsta verkefnið á sviði þróunarsamvinnu var í Mósambík þar sem reist var heilsugæslustöð og byggð upp heilbrigðisþjónusta í samstarfi við þróunarsamvinnustofnun Íslands. Jafnframt bættust við tvö ný verkefni í

Eystrasaltsríkjunum þar sem unnið var með landsfélögum Rauða krossins við að byggja upp heimsóknarþjónustu í Litháen og að efla skyndihjálparkennslu í Lettlandi. Nánari upplýsingar er að finna í yfirliti yfir þróunarsamvinnu hér á vefnum.

Miklir jarðskjálftar urðu á Indlandi í El Salvador í byrjun árs 2001 og veitti Rauði kross Íslands umtalsverðum fjárhæðum til neyðaraðstoðar vegna þeirra. Í Síberíu og Kasakstan urðu flóð um mitt ár og auk eigin fjármagns sendi félagið teppi sem kostuð voru af ríkisstjórninni. Í lok ársins urðu stríðsátök í Afganistan og studdi Rauði krossinn hjálparstarf vegna þeirra með myndarlegu framlagi, en ríkisstjórnin veitti 6,5 millj. kr. til hjálparstarfs Alþjóða Rauða krossins vegna átakanna. Stærsta framlagið sem félagið veitti á árinu var þó til hjálparstarfs vegna yfirvofandi hungursneyðar í Mið-Asíuríkinu Tadsjíkistan. Var sú ákvörðun tekin vegna þess að athygli fjölmiðla og alþjóðasamfélagsins beindist að Afganistan á sama tíma og gekk þá mjög erfiðlega að fá fjármagn til hjálparstarfs í Tadsjíkistan. Rauði krossinn vildi með þessu móti leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að aðstoða á „gleymdum“ svæðum þar sem ríkir sár neyð án þess að kastljós fjölmiðlanna beinist að vandanum. Nánari upplýsingar um neyðaraðstoð félagsins eru í yfirliti um hana.

Á árinu 2001 voru alls 19 sendifulltrúar við störf á vegum Rauða kross Íslands og tóku þeir þátt í 21 verkefni, samtals í 133 mánuði. Flestir sendifulltrúanna störfuðu við þróunaraðstoð og rúmur helmingur þeirra starfaði í Afríku. Þess má geta að Alþjóða Rauði krossinn hefur markað þá stefnu að fjársterk landsfélög ráði sendifulltrúa til starfa sem koma frá fátækustu ríkjum heims. Í samræmi við það störfuðu tveir erlendir sendifulltrúar á vegum félagsins sem komu frá Úganda og Júgóslavíu. Upplýsingar um störf sendifulltrúa er að finna í yfirliti annars staðar á vefnum.

Enda þótt alþjóðastarf Rauða kross Íslands hafi verið öflugt á árinu var hafist handa við að endurmeta og endurskipuleggja alþjóðastarfið með það fyrir augum að skerpa áherslur og gera starfsemina markvissari. Í alþjóðlegu hjálparstarfi er fátt um einfaldar

lausnir og þess vegna þarf stöðugt að fylgjast með árangri þess og finna leiðir til að beina aðstoðinni þar sem þörfin er mest og haga henni þannig að hún verði sem árangursríkust.

Flóttamenn

Þann 9. júní 2001 komu 23 flóttamenn frá Júgóslavíu til Reykjanesbæjar til þess að setjast þar að. Þeir voru allir frá Króatíu en flúðu til Serbíu í ágúst 1995. Þeir höfðu því verið í flóttamannabúðum í sex ár við ömurlegar aðstæður og enga heilbrigðisþjónustu. Í bæjarfélaginu var allt til reiðu en erfiðast hafði verið að fá íbúðir fyrir nýbúana því talsverður skortur var á leiguhúsnæði og húsaleiga nokkuð há. Síðasta íbúðin var afhent tveimur dögum áður en fólkið kom.

Félagar í Suðurnesjadeild Rauða kross Íslands undirbjuggu komu flóttamannanna af miklum dugnaði og kostgæfni. Ýmsir gengu einnig til liðs við Suðurnesjadeildina og létu henni störfín og 13 manns gerðust stuðningsaðilar við nýju fjölskyldurnar eða nokkurs konar tengiliðir við nýja samfélagið. Alls unnu um 30 sjálfboðaliðar að flóttamannaverkefninu.

Frábærlega var tekið á móti flóttafólkinu, fyrst í flugstöðinni af aðstoðarmanni félagsmálaráðherra, formanni og ritara Flóttamannaráðs og Rauða kross félögum, síðan í húsnæði Suðurnesjadeildar Rauða krossins þar sem gestirnir fengu heita máltíð og flóttafólkið var svo síðan kynnt fyrir stuðningsaðilum. Þeir fóru síðan með flóttafólkið í íbúðir og sýndu þeim alla "dýrðina" og skýrðu fyrir þeim að þau ættu innanstokksmuni, þeir væru að mestu gjafir frá íbúum á svæðinu.

Daginn eftir bauð Ellert Einarsson bæjarstjóri í hátíðarmat. Þar mætti Páll Pétursson félagsmálaráðherra og bauð fólkið velkomið til landsins og óskaði þeim velfarnaðar í nýja landinu. Allir lögðust því á eitt með að gera fyrstu dagana hátíðlega og eftirminnilega.

Stýrihópur var myndaður áður en fólkið kom. Hann skipa: Hjördís Árnadóttir, félagsmálastjóri og Sigríður J. Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri Reykjanesbæjar, Guðmundur R.J. Guðmundsson formaður Suðurnesjadeildar, Stefanía Hákonardóttir starfsmaður Suðurnesjadeildar, Birna Zophoníasdóttir svæðisstarfsmaður RKÍ og fulltrúi af aðalskrifstofu RKÍ. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að fylgjast með framvindu verkefnisins, koma verkefnum í réttan farveg og sjá til þess að flóttafólkið fái þá þjónustu sem áætlanir kveða á um. Dragana Zastavnikovic hefur verið túlkur í þessu verkefni. Hún hefur setið fundi stýrihóps þegar þörf er. Fundir eru fyrst vikulega en strjálást þegar á líður verkefnið, þó aldrei sjaldnar en mánaðarlega.

Fyrstu dagana var fólkið boðið í skoðunarferðir um nágrennið með leiðsögn heimamanna. Vakti jarðfræðin, Bláa lónið og skógleysið mesta athygli. Síðsumars bauð Suðurnesjadeildin flóttafólkinu og stuðningsaðilunum í frábæra ferð að Geysi, Gullfossi og á Þingvelli og var fólkið mjög ánægt.

Íslenskukennsla fór fram fyrir hádegið. Gekk hún mjög vel fram að jólum en eftir jól hefur komið þreyta í fólkið og þykir þeim íslenskan nokkuð erfið. Þeir fyrstu byrjuðu að vinna hálfan daginn eftir 5 vikna dvöl hérlendis eða um leið og atvinnuleyfi lá fyrir. Um jólaleytið voru allir komnir í vinnu.

Skólaganga barnanna gengur vel og tala þau flest orðið prýðisvel.

Á adventunni voru haldin „lítil jól“ þar sem sagt var frá íslenskum jólasíðum, gjöfum og matarvenjum og hvernig jólin voru hér fyrir á árum. Júgóslavarnir sögðu síðan frá sínum

venjum og sungið var bæði á íslensku og serbnesku. Síðan var drukkið súkkulaði og borðaðar alls kyns kræsingar.

Rauði kross Íslands bauð fólkinu í tveggja daga skammdegisferð til Reykjavíkur í febrúar byrjun. Farið var í leikhús og börnin fóru auk þess í sund og bíó. Ferðin endaði með því að félagsmálaráðherra bauð í hádegismat og héldu svo allir heim á leið eftir kærkomna tilbreytingu.

Verkefnið hefur í heild gengið vel. Samvinna þeirra sem að verkefninu koma er með miklum ágætum og allir hafa lagst á eitt um að gera nýbúunum í Reykjanesbæ lífið léttara. Það er ánægjulegt til þess að vita hversu margir hafa lagt sitt af mörkum til þess að svo megi verða.

## **Þróunarverkefni**

### **Eystrasaltsríkin**

Síðan 1997 hafa norrænu Rauða kross félögin sameiginlega stutt systurfélög sín í Eystrasaltsríkjunum, þ.e. í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Markmiðið er að gera landsfélögin þrjú öflugri svo að þau geti með tíð og tíma staðið að hjálparstarfi án utanaðkomandi stuðnings. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja fjárhagslegt bolmagn félaganna þriggja, m.a. með því að styðja við fjáröflun þeirra og fjármálaeftirlit, efla sjálfbóðaliðastörf og einnig hafa norrænu Rauða kross félögin aðstoðað við að bæta neyðarvarnir. Einn sameiginlegur sendifulltrúi á vegum félaganna fimm hefur starfað að þessu verkefnum og Rauði kross Íslands hefur tekið þátt í að greiða kostnað við störf hans.

### **Lettland**

Rauða kross félög vinna að svipuðum verkefnum um allan heim, t.d. skyndihjálp og neyðarvörnum, og þess vegna geta þau oft á tíðum lært hvert af öðru. Á árinu 2001 barst Rauða krossi Íslands beiðni frá Lettneska Rauða krossinum þar sem óskað var eftir aðstoð við að byggja upp kennslu í skyndihjálp að íslenskri fyrirmynd. Að ráði varð að Ólafur Guðbrandsson fór til Lettlands til að kenna þarlendur leiðbeinendum í skyndihjálp. Hann hélt þar fimm námskeið og lauk síðan verkefninu með því að Lettneski Rauði krossinn fékk stuðning til að gefa út bækling fyrir almenning um skyndihjálp.

### **Litháen**

Heimahjúkrun hefur lengi verið eitt meginverkefni Litháenska Rauða krossins en erfitt hefur reynst að starfrækja þessa þjónustu vegna þess að opinber yfirvöld hafa dregið úr fjárhagslegum stuðningi við hana. Á árinu 2001 hófst tilraunaverkefni á vegum Litháenska Rauða krossins sem felst í því að þjálfa sjálfbóðaliða til að taka að sér hluta þessarar starfsemi. Rauði kross Íslands studdi verkefnið, en gert er ráð fyrir að þjálfa og styðja sjálfbóðaliða til að heimsækja aldraða, sjúka og einmana. Í lok ársins 2002 er áætlað að 2.700 manns í tíu bæjarfélögum í landinu fái heimsóknir sjálfbóðaliða og verður síðan athugað hvort grundvöllur sé fyrir hendi til að láta þessa þjónustu ná til landsins alls.

## **Mið-Asía**

Í Mið-Asíu eru fimm ríki sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum, þ.e. Kasakstan, Kyrgistan, Tadsjíkistan, Túrkménistan og Úsbekistan. Rauði kross Íslands hefur á undanförunum árum stutt við bakið á systurfélögum sínum í þessum löndum. Á þessum slóðum hefur reynst erfitt að afla fjár til starfseminnar meðal almennings og stofnana vegna þess að fólk þekkir ekki nægilega vel til þess hlutverks sem Rauði krossinn þjónar. Á árinu 2001 lauk stuðningi Rauða kross Íslands við upplýsingastarf landsfélaganna fimm en í því fólst að starfsmenn og sjálfboðaliðar fengu aðstoð og þjálfun við að efla upplýsinga- og kynningarstarf sitt. Verkefnið var unnið á vegum Alþjóðasambands félaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans en Rauði kross Íslands studdi þessa starfsemi með fjárframlagi.

## **Rússland**

Eins og kunnugt er hafa berklar breiðst hratt út í Rússlandi á undanförunum árum en ástæður þess eru fátækt, lélegt mataræði, ofneysla áfengis og vaxandi eiturlyfjaneysla. Einnig hefur mikill fjöldi berklasmítæðra fanga verið látinn laus úr haldi úr fangelsum en þeir hafa síðan dreifst um landið. Rússneski Rauði krossinn hefur með aðstoð Alþjóðasambandsins starfrækt heimahjúkrun fyrir berklasjúklinga. Hjúkrunarfræðingar gefa sjúklingunum lyf til að tryggja samfellu í lækni meðferðinni og jafnframt er sjúklingunum afhentur matarpakki frá Rauða krossinum. Á árinu 2001 studdi Rauði kross Íslands berklaverkefni í Pskov í Rússlandi en auk heimahjúkrunarinnar fór þar fram upplýsingaherferð um þennan vágést og hvernig megi varast hann.

## **Þróunarverkefni í Afríku**

Á árinu 2001 veitti Rauði kross Íslands og deildir hans fjárhagslegan stuðning við þróunarverkefni fimm landsfélaga í Afríku, þ.e. við landsfélögin í Gambíu, Lesótó, Malaví, Mósambík og Suður-Afríka.

## **Gambía**

Gambía er eitt af allra fátækustu löndum heims og eru þjóðartekjur á mann í Gambíu um það bil sjötíu sinnum lægri en á Íslandi. Rauði kross Íslands hefur stutt uppbyggingu landsfélagsins í Gambíu frá 1992. Markmið samstarfsins er að Gambíski Rauði krossinn verði að lokum svo sterkur að hann þurfi ekki utanaðkomandi aðstoð við að sinna hlutverki sínu, en félagið sinnir m.a. neyðaraðstoð og neyðarvörnum, móttöku flóttamanna, skyndihjálp o.fl.

Til að ná þessu markmiði hefur verið lögð megináhersla á að koma á fót sjálfstæðri fjáröflun deilda innan Gambíska Rauða krossins, en þær eru sjö talsins. Fyrri hluta samstarfsins er lokið, þar sem þrjár deildir voru studdar til að ráða svæðisstarfsmann til starfa og hleypa fjáröflun af stökkunum. Síðari hluti verkefnisins tekur til hinna fjögurra deildanna sem eftir eru. Á árinu 2001 voru ráðnir til starfa deildastarfsmenn sem munu hafa yfirumsjón með fjáröflunarverkefnunum. Fengu þeir þjálfun ásamt sjálfboðaliðum deildanna og í sameiningu ýttu þau úr vör einu litlu fjáröflunarverkefni í hverri deild og síðan munu bætast við eitt eða tvö stærri verkefni á árunum 2002 og 2003. Samkvæmt áætlun mun verkefninu ljúka á árinu 2003 eða í byrjun árs 2004.

Að auki má nefna að Rauði kross Íslands styrkti byggingu húsnæðis til útleigu sem nú

er ein aðalfjáröflunarleið aðalstöðvanna. Bygging þessi var vígð á vormánuðum 2001 og voru Rauða krossi Íslands sendar hlýjar kveðjur með kærum þökkum fyrir stuðninginn.

### **Lesótó**

Rauði kross Íslands hefur um árabil stutt rekstur tveggja heilsugæslustöðva í fjallahéruðum Lesótó með hjálp deilda á Norðurlandi með fjárframlögum og sendingu notaðs fatnaðar sem seldur er að hluta til stuðnings landsfélaginu. Ávallt hefur verið stefnt að því að yfirvöld í Lesótó tæki reksturinn yfir og hefur verið unnið að því á árinu 2001. Framlag síðasta árs var nýtt til uppbyggingar á fjárhag landsfélagsins sem átt hefur í kröggum þar sem fastir tekjustofnar landsfélagsins eru fáir og veikir.

### **Malaví**

Stjórn Rauða kross Íslands einsetti sér árið 2000 að vinna í auknum mæli gegn alnæmisplágunni sem herjar á heimsbyggðina og beindi sjónum sínum að sunnanverðri Afríku.

Landsfélögin í sunnanverðri Afríku hafa sett sér sameiginlega stefnu til að glíma við þennan nýja vágest og byggja þar á reynslu þeirra landsfélaga á svæðinu sem lengst hafa hlúð að alnæmissjúkum. Verkefnin sem unnið verður að eru einkum fjórþætt. Gert er ráð fyrir heimahlyningu við langveika, aðstoð við munaðarlaus börn, fræðslu- og málsvarastarfi.

Á síðasta ári voru lögð drög að nýju alnæmisverkefni í Chiradzulu í suðurhluta landsins sem byggir á þessu. Fátækt er gifurleg í Malaví, fólk hefur víða í sveitum landsins barist við hungurvofuna ár eftir ár þegar uppskeran hefur brugðist vegna veðurfars.

Alnæmisveiran leggst með meiri þunga á svo illa sett samfélög, því nægur matur er ein aðalforsenda þess að þeir sem sýkjast haldi heilsu sinni í einhvern tíma.

Ennfremur hefur Malavíski Rauði krossinn fengið notaðan fatnað frá Íslandi sem bæði er dreift til bágstaddra og seldur til fjáröflunar.

### **Mósambík**

#### **Heilbrigðisverkefni**

Helstu heilsufarsvandamál í Mósambík eru vannæring meðal barna, malaría, niðurgangur, innyflaormar og önnur snikjudýr í meltingarvegi, sýkingar í öndunarfærum, húðsjúkdómar, berklar, smitsjúkdómar og alnæmi. Meðan borgarastyrjöldin stóð yfir var þriðja hver sjúkrastöð eyðilögð og fimmta hver heilsugæslustöð. Ríkisstjórnin áætlað að heilbrigðisþjónusta þess nái aðeins til um 50% af fólki úti á landsbyggðinni.

Rauði kross Íslands í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Mósambíska Rauða krossins undirrituðu samning í lok ársins árið 1999 um að byggja eina heilsugæslustöð og byggja upp heilbrigðisþjónustu við íbúa í Matutuine í Mapútóhéraði í suður hluta Mósambík. Heilsugæslustöðin verður í þorpínu Hindane og búin nauðsynlegum tækjum. Í þorpinum sem fjær liggja verða einnig byggðir svokallaðir skyndihjálparpóstar og grafnir brunnar sem bæta eiga aðgengi að hreinu vatni .

Stjórnvöld í Mósambík útvega starfsfólk fyrir heilsugæslustöðina og sjá fyrir nauðsynlegum lyfjum og yfirumsjón. Starfsmenn heilsugæslustöðvarinnar hafa svo yfirumsjón með þeim sem starfa að heimahlyningu (community health workers) og hefðbundnum ljósmæðrum (traditional birth attendants, TBAs) í samstarfi við

verkefnisstjóra og Rauða krossinn á staðnum. Þetta fólk ásamt sjálfboðaliðum verður þjálfað sérstaklega til að sinna heimahlynningu og fá í hendur nauðsynleg sjúkragögn. Verkefnið gekk samkvæmt áætlun á árinu 2001. Stöðin verður vígð á vormánuðum 2002. Á árinu var einnig unnið að undirbúningi þess að bæta við stuðning við alnæmissjúka og vinna að forvörnum í ætt við það sem gert verður í Malaví.

### **Götubörn**

Rauði kross Ísland hefur einnig styrkt götubörn í Beira og Mapúto höfuðborg Mósambík. Verkefnið hófst eftir að borgarastyrjöld lauk í Mósambík og mikið var af vegalausum börnum á götum bæjanna. Þau höfðu flúið dreifbýlið og komið til höfuðborgarinnar í leit að betra lífi. Á síðustu árum hafa breytingar orðið töluverðar og færri börn á götum bæja og borga en hins vegar hefur aukist að börn þurfi stuðning vegna ýmissa vandamála sem orsakast af mikilli fátækt fjölskyldna en Mósambík er eitt af fátækustu löndum heims.

Heimilið fyrir götubörn hefur breyst í heimili fyrir börn með erfiðleika. Þar fá þau umhyggju, mat, heilbrigðisþjónustu og ýmiss konar iðnþjálfun eins og kennslu í saumaskap, húsgagnasmíði og fleira. Um 400 börn fá aðstoð árlega á báðum þessum stöðum. Á síðasta ári var bætt við aðstoð við munaðarlaus börn sem mörg hafa misst foreldra sína úr alnæmi. Er reynt að finna þeim fósturfjölskyldur og þeim veittur stuðningur til að sjá fyrir börnunum.

### **Vatn**

Á árinu 2001 voru lögð drög að sérstöku vatnsverkefni í Mapúto héraði í samvinnu við Mósambíska og Spænska Rauða krossinn. Í dreifðum byggðum héraðsins er aðgengi að hreinu vatni mikið vandamál og er ætlunin að bæta úr því með byggingu um 30 brunna.

### **S-Afríka**

Rauði kross Íslands hefur um árabíl styrkt aðhlynningu við alnæmissjúka á Western Cape svæðinu. Á árinu 2001 var hafinn undirbúningur að nýju alnæmisverkefni í samvinnu Rauða kross Íslands og Suður-afríska Rauða krossins. Verkefnið verður í Kimberley í Northern Cape, einu af fátækustu héruðum landsins og er af sama meiði og önnur alnæmisverkefni á svæðinu eins áður var greint frá.

Vinadeildasamstarf

Vinadeildasamstarf

Hér á eftir verður greint frá því helsta sem gerðist í vinadeildasamstarfinu á árinu 2001. Flestar deildir innan Rauða kross Íslands hafa nú komið á fót vinadeildarsamstarfi við systurdeildir erlendis og unnið er að því að koma á nýjum verkefnum og samstarfi deilda sem ekki hafa verið í samstarfi við erlendar deildir til þessa.

### **Norðurland – samstarf við Lesótó**

Deildirnar á Norðurlandi hafa verið í vinadeildarsamstarfi við Lesótó frá 1992 og stutt rekstur tveggja heilsugæslustöðva í fjallahéruðunum Kenya og Maphoalang sem þjóna um 10 þús. manns. Staðið hafa viðræður við yfirvöld um að þau taki yfir reksturinn á stöðvunum. Í þessum þorpum hafa einnig starfað handverkshópar kvenna sem hafa skapað Rauða kross deildunum þar og þeim sjálfum nokkrar tekjur. Deildirnar á

Norðurlandi söfnuðu hannyrðaeftum fyrir hópana og sendu út í byrjun árs 2001 og aftur í lok ársins, við góðar undirtektir. Rauði kross Lesotho hefur átt í nokkrum rekstrarerfiðleikum og samþykktu deildirnar að framlag þessa ársins yrði nýtt til lausnar á þeim vanda. Þær ákváðu ennfremur að endurskoða vinnudeildarsamstarfið og skoða möguleika á nýjum samstarfsaðilum og verkefnum á árinu 2002.

#### **Vesturland – samstarf við Gambíu**

Vinnudeildasamstarf á milli deildanna á Vesturlandi og deildarinnar í Western Division í Gambíu hófst árið 1996. Deildirnar á Vesturlandi hafa sent árlega gám af notuðum fötum til Western Division, en hluti fatnaðarins hefur verið seldur á markaði til að styrkja fjárflokk deildarinnar. Deildirnar á Vesturlandi samþykktu árið 2000 að halda samstarfinu áfram í tvö ár og auka það með því að styrkja deildina við að grafa brunn á stað þar sem skortur er á drykkjarvatni.

#### **Suðurland – samstarf við Júgóslavíu**

Deildirnar á Suðurlandi og Suðurnesjum hófu vinnudeildasamstarf við deildina í Sremski Karlovci í Júgóslavíu árið 1998. Deildirnar hafa stutt rekstur súpueldhúss þar sem tæplega tvö hundruð manns, aðallega flóttamenn, fá eina heita máltíð á dag. Einnig hefur deildin í Sremski Karlovci verið studd við að koma sér upp nýju húsnæði fyrir súpueldhúsið og skrifstofu deildarinnar. Á árinu 2001 fóru fulltrúar deildanna á Suðurlandi í heimsókn til Sremski Karlovci og í framhaldi af því var ákveðið að efla vinnudeildasamstarfið og auka stuðning við flóttamenn. Jafnframt var ákveðið að styrkja deildina til kaupa á tölvu og að stuðla að gagnkvæmum heimsóknum á milli vinnudeildanna.

#### **Vestfirðir – samstarf við Júgóslavíu**

Árið 1998 hófst vinnudeildasamstarf á milli deildanna á Vestfjörðum og deildarinnar í Uzice í Júgóslavíu. Deildirnar hafa stutt byggingu vörugæmslu fyrir hjálpargögn í Uzice en Júgóslavneski Rauði krossinn hefur dreift óhemju magni af hjálpargögnum til þurfandi í landinu. Nú er lokið við að byggja 700 fermetra vörugæmslu með stuðningi deildanna á Vestfjörðum. Á árinu 2001 fóru fulltrúar deildanna á Vestfjörðum í heimsókn til Uzice til að styrkja tengslin við deildina. Í framhaldi af því var kynning fyrir sjálfboðaliða á árangri samstarfsins og er gert ráð fyrir að halda almennan borgarafund á næstunni til að gefa almenningi kost á að styðja samstarfið. Alþjóðahópur á vegum svæðisráðsins hélt áfram störfum og á vegum deildanna útbjuggu nemendur í tveimur grunnskólum á svæðinu barnaföt sem verða send til Uzice.

#### **Austurland – samstarf við Suður-Afríku**

Austfirskar deildir hafa stutt Rauða krossinn í Western Cape í Suður Afríku síðan 1999, annars vegar ungmennaverkefni sem þjónar fátækustu samfélögunum í Western Cape og hins vegar kennslu í skyndihjálp og almennri heilsugæslu til sveita þar sem læknaaðstoðar og sjúkraflutninga nýtur ekki við. Tvisvar hefur verið tekið á móti góðum gestum að utan og gagnkvæm samskipti hafa verið með ýmsu móti. Á svæðisfundum deilda í lok árs var ákveðið að kjósa í vinnuhóp til að endurskoða samstarfið með það að markmiði að endurnýja samninga til að minnsta kosti þriggja ára. Hópurinn skal einnig



safna saman upplýsingum um starfið fram að þessu, heimsækja vinadeild á árinu 2002, kynna sér aðstæður og kynna fyrir deildum, vinna að hugmyndabanka varðandi samskipti deildanna við Suður-Afríku og hvetja deildir til dáða og aðstoða deildir við að útfæra hugmyndir ef óskað er.

### **Hafnarfjörður – samstarf við Úsbekistan**

Frá árinu 1998 hefur Hafnarfjarðardeild verið í vinadeildasamstarfi við Rauða hálfmánann í Úsbekistan. Þar hefur verið studd uppbygging og rekstur dagheimilis fyrir þroskaheft börn. Verkefnið hefur einnig haft að markmiði að vinna gegn fordómum gagnvart þroskaheftum og fötluðum börnum. Hafnarfjarðardeild hefur átt samstarf við Félag eldri borgara í Hafnarfirði en eldri borgarar hafa saumað barnafatnað sem sendur hefur verið til Úsbekistan. Á árinu 2001 sendi Hafnarfjarðardeild gám með nýjum og notuðum fötum til Úsbekistan. Deildin ákvað að halda áfram samstarfinu til tveggja ára og undirbúa lok verkefnisins á árinu 2003.

### **Kjósarsýsludeild – samstarf við Albaníu**

Deildin í Kjósarsýslu hóf samstarf við deild í bænum Delvina í Albaníu árið 1997. Stuðningur deildarinnar hefur beinst að menntun barna og unglunga á staðnum, m.a. með því að dreifa skólavörum til þeirra. Árið 1998 var sendur 40 feta gámur með matvælum, hreinlætisvörum og fatnaði sem 400 fjölskyldur nutu góðs af. Á árinu 2001 sýndu deildir Rauða krossins í Bessastaðahreppi, Garðabæ og Kópavogi áhuga á að taka þátt í vinadeildasamstarfinu við Delvina með Kjósarsýsludeild. Unnið var að því að móta samstarfið og ákveðið að taka endanlega ákvörðun um samstarf deildanna þegar tillaga að stærra og öflugra verkefni kæmi frá deildinni í Delvina.

### **Hælisleitendur**

Rauði kross Íslands sér um að útvega hælisleitendum gistingu og veitir þeim framfærslu í allt að þrjú mánuði. Að þeim tíma loknum er Rauða krossinum heimilt að endurkrefja stjórnvöld um þann kostnað sem af áframhaldandi dvöl hælisleitanda hlýst eða allt til að endanlegt svar er gefið við beiðni hælisleitanda um dvalarleyfi hér á landi. Félagið sér einnig um að útvega hælisleitendum lækniþjónustu, gætir réttinda þeirra og er málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Í þeim tilfellum þegar hælisumsóknnum er hafnað, aðstoðar Rauði krossinn hælisleitanda við að áfrýja þeim úrskurði ef þess er óskað. Í starfi sínu að málefnum hælisleitenda hefur Rauði krossinn að leiðarljósi grundvallarmarkmið Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og sjálfstæði.

Greinileg aukning umsókna um pólitískt hæli varð eftir að Schengen samkomulagið gekk í gildi þann 25/3 2001. Um haustið hafði aldrei fyrr verið jafn mikill fjöldi hælisleitenda í umsjá Rauða krossins en þá voru þeir alls 32. Í september leituðu fimm fjölskyldur hælis hér á landi og voru þær með samtals 13 börn. Þá kom í ljós að fræðsluyfirvöld voru ekki viðbúin því að börn hælisleitenda þyrftu að komast í skóla. Fjölskyldufólk var tæplega helmingur hælisleitenda en hingað til hafa hælisleitendur verið nánast einungis einhleypir karlmenn. Þetta kallaði á breyttar áherslur, t.d. voru í hópnum barnshafandi konur sem ólu börn sín hér á landi.

Málsmeðferð á umsóknum hælisleitenda gjörbreyttist við Schengen-samkomulagið. Auk þess gekk í gildi svokallaður Dyflinar samningur sem kveður á um hvaða ríki beri að taka við afgreiðslu umsóknar um hæli. Þetta hefur það í för með sér að þótt umsækjandi sæki um hæli á Íslandi getur komið í ljós að annað ríki beri ábyrgð á umsókn hans skv. reglum Dyflinarsamningsins og hann verði sendur til þess ríkis þar sem umsókn hans verður tekin til umfjöllunar.

Alls sóttu 52 aðilar um hæli árið 2001 og komu frá 20 þjóðlöndum. Þar af voru 6 fjölskyldur með samtals 13 börn. Enginn þeirra sem sóttu um hæli 2001 hefur fengið jákvæðan úrskurð yfirvalda. Hins vegar hafa 9 fengið neikvætt svar og hafa farið úr landi, 15 voru sendir til annarra landa á grundvelli Dyflinar- eða Norðurlandasamninga og eru mál 9 manns ennþá til umfjöllunar hjá Útlendingaeftirliti. (feb 2002) . 18 manns hurfu á brott án þess að biða úrskurðar og 1 dró umsókn sína til baka.

Af þeim 24 sem sóttu um hæli árið 2000 fengu 4 dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Samningur Rauða kross Íslands við Dómsmálaráðuneytið gekk í gildi í september 1999 og gildir til ársloka 2003.

## Sendifulltrúar

Verkefni sendifulltrúa Rauða kross Íslands voru jafn margvísleg og þau voru mörg á árinu 2001, allt frá fjármálastjórn í Dóminíkanska Lýðveldinu til reksturs sjúkrahúss vegna innanlandsátaka á Austur-Tímor og uppbyggingu landsfélags í norður Evrópu til aðstoðar við flóttamenn í sunnanverðri Afríku.

Aðstæður þær sem okkar fólk býr við á vettvangi eru einnig ólíkar, allt frá tjaldbúðum undir Afríkuhimni til venjulegrar blokkaribúðar í hjarta Evrópu. En öll eru þau að vinna eftir grundvallarmarkmiðum hreyfingarinnar við að aðstoða þá sem höllum fæti standa í kjölfar hamfara eða stríðsátaka. Og það er ekkert lát á þörfinni, því miður.

Á síðasta ári voru alls níttján sendifulltrúar við störf á vegum Rauða kross Íslands og tóku þátt í 21 verkefnum, samtals í 133 mánuði. Það eru álíka margir og fyrra ár. Sú breyting hefur orðið á störfum sendifulltrúa síðastliðin tvö ár að nú er mun meiri hluti af vinnu sendifulltrúa við störf er tengjast þróun og uppbyggingu landsfélaga Rauða krossins en tiltölulega mun minni hluti vinnunnar tengist neyð og neyðaraðstoð með beinum hætti. Langflestir sendifulltrúa nú voru á vegum Alþjóðasambands Rauða kross félaga en aðrir á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins utan einn sem vann að tvíhliða verkefni með Mósambíska Rauða krossinum.

Rúmur helmingur starfa sendifulltrúa félagsins er við verkefni í Afríku, s.s. við skipulag fjármála. Þróun og skipulagningu upplýsingaöflunar, uppbyggingu landsfélaga, heilsugæslu, aðstoð við flóttafolk og vernd stríðsfanga.

Á árinu 2000 voru flestir á heilbrigðisviði en einnig voru fleiri í fjármálastjórn en áður. Árið 2001 var helmingur starfs sendifulltrúa við fjármál og stjórnun verkefna og tæpur fimmtungur við upplýsingaöflun og upplýsingagjöf. Nokkur hluti starfa upplýsinga- og fjármálafulltrúa voru nátengd þróun landsfélaga á upplýsinga- og fjármálasviði. Störf á

heilbrigðisviði og við neyðaraðstoð drógust mjög saman.

Á síðasta ári styrkti Rauði kross Íslands tvo sendifulltrúa frá fátækari landsfélögum til starfa í Afríku og Asíu. Ennfremur fjármagna norrænu landsfélögin sameiginlega einn sendifulltrúa til uppbyggingar landsfélaganna í Eystrasaltsríkjunum.

*Fjöldi sendifulltrúa og mann mánuðir eftir tegund verkefnis:*

Eðli verkefnis	Tala sendiferða	Mánuðir við störf
Heilbrigðisverkefni	2	14
Upplýsinga- og kynningarstörf	6	26
Flutningar og dreifing hjálpargagna	2	12
Fjármál og stjórnun	8	66
Uppbygging og þróun landsféлага	2	7
Vernd stríðsfanga og leitarþjónusta	1	8
FACT	1	1

*Staðsetning verkefna:*

Afríka	10
Evrópa	3
Asía og Kyrrahafseyjar	6
Ameríka	1
Höfuðstöðvar í Genf	1

Hlín Baldvinsdóttir vann við stjórn sendinefndar Alþjóðasambandsins í Tansaníu vegna aðstoðar við flóttafólk frá Rwanda.

Sanja Drljevic frá Sambandslýðveldi Júgóslavíu (styrkt af RKÍ) vann við uppbyggingarstarf og samvinnu Alþjóðaráðsins við Rauða kross Úganda.

John Undulu frá Úganda (styrktur af RKÍ) vann við uppbyggingu landsfélagsins á Papúa – Nýju Gíneu.

Kristín Ólafsdóttir vann að vernd stríðsfanga og almennra borgara á vegum Alþjóðaráðsins í Eritreu vegna átakanna við Eþíópíu. Undir lok ársins fór hún til Nígeríu til starfa sem upplýsingafulltrúi Alþjóðaráðsins.

Ómar Valdimarsson vann á vegum Alþjóðasambandsins að þróun upplýsinga- og kynningarmála meðal landsféлага SA-Asíu með aðsetur í Bangkok.

Þór Daníelsson var fjármálastjóri sendinefndar Alþjóðasambandsins í Bosníu og Herzegóvínu. Undir lok ársins fór hann til Tanzaníu til að starfa við uppbyggingu fjármála- og fjáröflunarviðs Tanzaníska Rauða krossins.

Sólveig Ólafsdóttir var við upplýsinga- og kynningastörf á vegum Alþjóðasambandsins á höfuðstöðvum þess í Genf, en fór einnig styttri ferðir til fréttá- og upplýsingaöflunar m.a. til Kína og Taiwans vegna jarðskjálfta og til Indlands vegna flóða. Á miðju ári fór hún til starfa sem upplýsingafulltrúi á svæðisskrifstofu Alþjóðasambandsins í sunnanverðri Afríku með aðsetur í Harare.

Hjördís Guðbjörnsdóttir starfaði að tvíhliða þróunarverkefni ÞSSÍ, RKÍ og Mósambíska Rauða krossins á uppbyggingu heilsugæslustöðvar í Hindane héraði í Mósambík.

Huld Ingimarsdóttir var fjármálastjóri sendinefndar Alþjóðasambandsins í Prístína í Kosovo.

María Skarphéðinsdóttir vann á vegum Alþjóðasambandsins að heilsugæslu í flóttamannabúðum í Tanzaníu fyrir flóttafólk frá Burundi.

Helga Þórólfsdóttir vann á vegum Alþjóðasambandsins við dreifingu hjálpargagna í kjölfar jarðskjálftanna í Gujarat á Indlandi.

Lilja Óskarsdóttir vann á vegum Alþjóðaráðsins við heilsugæsla í Yrol í S-Súdan, á svæði uppreisnarmanna.

Þórir Guðmundsson fór á haustdögum til Pakistan í skamman tíma sem upplýsingafulltrúi Alþjóðasambandsins vegna atburða samhliða loftárásunum á Afganistan.

Hlér Guðjónsson vann á vegum Alþjóðasambandsins við dreifingu hjálpargagna í Innri-Mongólíu í Kína.

Brynhildur Ólafsdóttir vann í rúman mánuð síðla á árinu sem upplýsingafulltrúi Alþjóðasambandsins í Pakistan og Afganistan undir lok loftárásana á Afganistan.

Susan Martin var í upphafi árs fjármálastjóri svæðasendinefndar Alþjóðasambandsins í Vestur Afríku með aðsetur í Abidjan. Um mitt ár fór hún til sambærilegra starfa á svæðisskrifstofu Alþjóðasambandsins í Santo Domingo í Dóminíkanska Lýðveldinu.

Jon Frederik Klepzig er norskur sendifulltrúi sem styrktur er sameiginlega af norrænu Rauða kross félögum og vinnur að uppbyggingu og þróun landsfélaga í Eystrasaltsríkjum.

Á árinu störfuðu einnig tveir gamalreyndir sendifulltrúar Rauða kross Íslands við hjálparstörf á vegum Alþjóðaráðsins. Þetta voru þau Pálína Ásgeirsdóttir sem stýrði

sjúkrahúsi í Dili á A-Tímor í kjölfar átakanna þar og Þorkell Diego Þorkelsson sem stýrði innkaupum og flutningum hjálpargagna í Sambandslýðveldi Júgóslavíu.

## **Alþjóðleg neyðaraðstoð**

### **AFRÍKA**

#### **Malawí:**

Undanfarin ár hefur orðið uppskerubrestur í Malawí, ýmist vegna þurrka og/ flóða. Rauði kross Íslands lagði til 1 milljón krónur í neyðaraðstoð vegna flóða í sumar. Einnig hefur landsfélagið verið styrkt með sendingu af notuðum fötum.

#### **Mósambík:**

Fyrir tveimur árum urðu mikil og mannskæð flóð í Mósbambík. Landið var enn í „sárum“ eftir þær hamfarir en þó nokkur flóð urðu einnig í fyrra vor.

Rauði kross Íslands lagði fram 1 milljón krónur í neyðarbeiðni til viðbótar við heilsugæsluverkefnið sem landsfélagið styrkir myndarlega.

Hjördís Guðbjörnsdóttir er sendifulltrúi í Mósbambík og hefur verið þar í tvö ár.

Neyðarbeiðnum frá fimm öðrum Afríkuríkjum var svarað með 200.000 – 400.000 krónum.

Þau eru: Chad vegna kólerufaralds, Fílabeinsströndin vegna gulufaralds, Eþópía og Vesturströnd Afríku vegna átaks við að berjast gegn útbreiðslu mænusóttar og Sudan vegna flóða.

### **ASÍA OG KYRRAHAFSLÖND**

#### **Afganistan:**

Eftir 11 september og innrásina í Afganistan var farið út í sérstaka söfnun í samvinnu við Hjálparstofnun kirkjunnar meðal almennings (2,5 milljónir) og einnig var leitað til deilda Rauða krossins sem lögðu fram 1,4 milljónir. Ríkisstjórn Íslands lagði til 6,5 milljónir. Flóttamenn og íbúar í neyð voru aðstoðaðir og stutt var við

heilbrigðisverkefni. Þórir Guðmundsson, Sólveig Ólafsdóttir og Brynhildur Ólafsdóttir fóru í stuttar ferðir til Pakistan og störfuðu sem upplýsingafulltrúar vegna verkefna í Afganistan frá september til loka nóvember.

#### **Indland:**

Stór og mannskæður jarðskjálfti varð í Indlandi í byrjun árs. Rauði kross Íslands sendi 4 milljónir króna til hjálparstarfs ásamt því að Helga Þórolfsdóttir var send til Indlands til starfa á jarðskjálftasvæðunum í 3 mánuði.

#### **Mongólía:**

Miklir þurrkar og uppskerubrestur hefur verið lengi á þessum svæði. Rauði kross Íslands lagði til 2,5 milljónir til stuðnings.

Eftirfarandi lönd voru studd með lágmarksframlagi: DPR Kórea og Kambódía vegna flóða og uppskerubrests, Sí Lanka vegna þurrka og uppskerubrests, Fíllíseyjar vegna eldgoss.

### **EVROPA og MID ASÍA**

#### **Kasakstan:**

Stuðningur var við deildir landsfélagsins vegna flóða og kom 800.000 framlag frá deildum Rauða kross Íslands.

Tajikistan:

er eitt af gleymdu svæðunum og gífurlega fátæku landsfélögum. Til viðbóta við átök og mikla fátækt í þessu fyrrum Sovét lýðveldi hafa þurrkar hrjáð landið undanfarin ár. Ákveðið var að svara neyðarbeiðninni myndarlega með 6,8 milljóna króna framlagi, þar af lögðu deildir til um eina milljón.

Rússland:

Neyðarbeiðni vegna flóða í Siberíu var svarað myndarlega með rúmlega þriggja milljóna króna framlagi, þar af lögðu deildir til um eina milljón. Auk þessu voru send teppi að andvirði tveggja milljón króna sem voru keypt fyrir framlag ríkisstjórnarinnar.

Pólland:

Neyðarbeiðni vegna flóða var svarað með lágmarksframlagi.

## **SUÐUR AMERÍKA**

**El Salvador:**

Neyðarbeiðni vegna jarðskjálftans í byrjun árs var svarað með rúmlega fimm milljóna króna framlagi, þar af komu þrjár frá deildum og ein frá ríkisstjórninni.

Neyðarbeiðnum sem svarað var með lágmarksframlagi: Perú vegna jarðskjálfta og Belize vegna fellibyls.

## Innanlandsstarf

Árið 2001 var reynt á markvissan hátt að endurskoða innanlandsstarfið, með það í huga að þjóna deildum betur í þeirra störfum og efla fræðslu innan félagsins. Unnið var meðal annars að stefnumótun í skyndihjálp, málefnum útlendinga og fræðslumálum. Námskeið sem haldin hafa verið til margra ára voru endurskoðuð þar á meðal flokkstjóranámskeiðin og ný námskeið mótuð m.a. deildanámskeið, leiðtoganámskeið og námskeið fyrir heimsóknarvini. Fræðslukvöld voru haldin fyrir leiðbeinendur í almennri og sálrænni skyndihjálp og sjálfböðaliðum var boðið upp á fræðslufundi af ýmsum toga.

Með ráðningu neyðarvarnafulltrúa skapaðist rými til að setja meiri kraft í neyðarvarnir. Farið var yfir marga þætti í þeim málaflokki og einnig tók endurskoðun Almannavarnasamningsins drjúgan tíma, en í honum er hlutverk Rauða krossins skilgreint betur en áður og óskráðum þáttum bætt inn. Allar deildir eru með neyðarvarnaáætlanir og hefur verið lögð áhersla á að þær væru uppfærðar reglulega. Mikið hefur áunnist í þeim efnum þó að á einstaka stað þurfi að gera betur. Deildir koma allar að útbreiðslu á almennri og sálrænni skyndihjálp þó í mismiklu mæli. Fjölbreytt viðfangsefni og útgáfa á kennsluefni einkenndu starfið innan heilbrigðissviðsins m.a. sú nýjung að flutt var út skyndihjálparfræðsla til Eistlands og Lettlands.

Ár sjálfböðaliðans samkvæmt ákvörðun Sameinuðu þjóðanna setti eðlilega mikinn svip á starf Rauða kross Íslands. Ráðstefnuhald og málþing um mikilvægi sjálfböðins starfs var þar á meðal. Margt var gert til eflingar sjálfböðnu starfi innan félagsins, aukið framboð af námskeiðum og reynt að bjóða upp á þá fjölbreytni að sem flestir sem vilja gerast sjálfböðaliðar finni verkefni við sitt hæfi.

Í ungmennastarfi var þátttaka í stærri verkefnum mjög góð m.a. landsmótinu í Vestmannaeyjum. Starf fulltrúaráðs hefur aukist og útgáfa styrkst. Einnig hafa ungmenni innan hreyfingarinnar verið virkari í svæðisstarfi með þátttöku sinni á fundum svæðisráða um allt land.

Við verkefnaval og forgangsröðun byggir Rauði krossinn á könnunum og rannsóknum um þá sem verst standa að vígi í samfélaginu á hverjum tíma. Á árinu tók Rauði krossinn í samvinnu við nokkra aðila þátt í rannsóknum á lífsstíl ungs fólks á aldrinum 16-20 bæði þeirra sem eru í framhaldsskóla og þeirra sem eru utan skóla. Fyrirtækið Rannsóknir og greining hefur haft yfirumsjón með starfinu. Niðurstöður framhaldsskólakönnunarinnar voru kynntar á árinu en niðurstöður seinni könnunarinnar sem nær til þeirra sem ekki eru í skóla verður unnið meira með áður en þær verða kynntar. Öflun upplýsinga um ýmsa þætti í lífi ungs fólks svo sem líðan, áhugamál og áhættuhegðun er nauðsynleg til að átta sig betur á hvar þrengir að og í hvaða uppbyggingar og forvarnarverkefnum er best að Rauði krossinn beiti sér í þágu unga fólksins. Greining á þörfum geðfatlaðra fór fram á Austfjörðum og unnið var eftir niðurstöðum, einnig er þarfagreining fyrir þennan hóp í vinnslu á Vestfjörðum og Vesturlandi.

Áhersluverkefni á árinu voru í samræmi við samþykktir aðalfunda Rauða kross Íslands árin 2000 og 2001 þ.e.a.s. heimsóknarþjónusta, stuðningur við geðfatlaða og

forvarnarverkefni fyrir börn og unglinga. Mörg viðfangsefni innan þessara málaflokka eru í gangi hjá deildum og aðalskrifstofu félagsins. Æ fleiri verkefni eru unnin sameiginlega af deildum á hverju svæði. Stöðuhlutföll í röðum svæðisfulltrúa hækkuðu á árinu og á Norðurlandi skiptu tveir með sér 1.6 stöðu. Á tveimur svæðum fjölgaði í svæðisráðum þ.e. Suðurlandi og Höfuðborgarsvæðinu, í þeim eru fulltrúar frá öllum deildum en 3 á hinum svæðunum.

Mörg tímamótaverkefni voru unnin og sett á laggirnar á árinu í samvinnu við ýmsa aðila og má þar nefna Fjölsmiðjuna, verkþjálfunar og framleiðslusetur fyrir ungt fólk, Þjóðahátíð á Austfjörðum, einnig komu deildir að stofnun Alþjóðahúss í Reykjavík og Fjölmenningssetri á Ísafirði.

starf í deildum

## Starf í deildum

Deildir Rauða kross Íslands, alls 51, starfa á sex skilgreindum svæðum sem hvert hefur sinn svæðisstarfsmann. Langstærst er Reykjavíkurdeild með um helming félagsmanna en öflugt Rauða kross starf fer fram um allt land, eins og glöggk kemur fram í ársskýrslum svæðanna.

## Höfuðborgarsvæðið

Í svæðasamstarfi á höfuðborgarsvæði eru sex deildir, Kjósarsýsludeild, Reykjavíkurdeild, Kópavogsdeild, Garðabæjardeild, Bessastaðahreppsdeild og Hafnarfjarðardeild.

Alls eru um 11.500 félagsmenn í þessum deildum.

Svæðisskrifstofa Rauða kross Íslands á höfuðborgarsvæði er staðsett að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði í húsnæði Hafnarfjarðardeildar.

Svæðisfulltrúi er Linda Ósk Sigurðardóttir í 100 % starfi frá áramótum 2001-2002.

Haldinn er fundur einu sinni í mánuði, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar á mismunandi stöðum þ.e. á öllum starfssvæðum deilda. Farinn er hringur um svæðið, gerð er áætlun fyrir allt árið þannig að allir vita hvenær og hvar fundir verða haldnir.

Svæðisfundir eru haldnir þrisvar á ári, janúar, (boðið upp á fyrirlestur eða annað uppbyggjandi fyrir deildarfólk) apríl og síðan haustfundur í september þar sem skipt er um formann og áætlun svæðisráðs lögð fram.

**Breyting á svæðisráði.** Nú eru fulltrúar allra deilda á svæðinu í ráðinu í stað þriggja deilda. Formaður svæðisráðs er fulltrúi deildar sem er sitt þriðja ár í svæðisráði. Fundað var með svæðisráði á Vesturlandi í haust til að miðla á milli og kynna. Á áætlun er að bjóða einhverju öðru svæðisráði í heimsókn á svæðið með vorinu til að funda saman. Svæðisráð heimsótti og fundaði með öllum deildum árið 2001 og er fyrirhugað að gera það sama árið 2002, góð leið til að efla tengsl á milli manna og til að kynna sér starfsemi deilda.

## Sameigileg verkefni:

Fataflokkunarstöð, 1 starfsmaður í 100 % starfi

Fataverslun, 1 starfsmaður í 30 % starfi



## **Neyðarvarnir.**

Ákveðið var á sínum tíma að standa vel saman í þessum málaflokki. Kynning var á fjöldahjálparstöðvum í október s.l. Neyðarvarnadagurinn var stærsta sameiginlega uppákoma deilda á höfuðborgarsvæðinu árið 2001. Framundan er sameining almannavarnanefnda á svæðinu og því mun þetta verkefni án efa verða sameiginlegt verkefni deilda á marga vegu í framtíðinni.

Ákveðið hefur verið að taka þátt í að kosta allt að 15 ungmenni á aldrinum 16-18 ára til náms í Fjölsmiðjunni, 3 ára verkefni á svæðisvísu.

Vilji deilda er að sameinast í vinadeildasamstarfi og er vinna tengt því í gangi á svæðinu.

Hvað varðar forgangsverkefni Rauða kross Íslands, þ.e heimsóknarþjónusta, stuðningur við geðfatlaða, forvarnir í þágu barna og ungmenna og vinadeildasamstarf, þá eru nokkrar deildir á svæðinu að sinna þessum málaflokkum þó það sé ekki á svæðisvísu.

## **Vesturland**

Á Vesturlandi urðu töluverðar breytingar hjá deildum á síðasta ári. Nýr svæðisfulltrúi tók við starfi og nýir formenn tóku við hjá Akranesdeild, Borgarfjarðardeild og deildinni í Vestur- Barðastrandarsýslu. Mannabreytingar hafa alltaf áhrif á starfið, það tekur tíma að koma sér inn í mál og finna sinn takt.

Svæðisráð hefur þá viðmiðun að funda því sem næst einu sinni í mánuði yfir veturinn, en fella niður fundi yfir sumarmánuðina. Á síðasta ári voru haldnir átta fundir samtals í stjórn svæðisráðs, þar af tveir svæðisfundir og einn með formönnum deilda.

## **Helstu verkefni**

Stóru verkefni var lokið á liðnu sumri, en það voru sameiginleg kaup deildanna á hjartagæslutæki sem er staðsett á Sjúkrahúsinu á Akranesi.

- Í fyrravor og í haust var öllum grunnskólanemendum í 8.-10. bekk á Vesturlandi boðið á sýninguna um drenginn Mirad.
- Deildirnar á Vesturlandi sameinuðust um kaup á búnaði vegna kennslustofu í skyndihjálpi í Björgunarskólanum á Gufuskálum.
- Stærsta verkefnið sem unnið hefur verið að er þó menningarhús ungs fólks á Vesturlandi.

Þegar hafin var vinna við hugmyndina um menningarhús síðastliðinn vetur, bauðst Akraneskaupstaður til þess að láta hús til starfseminnar.

Sótt var um styrk til Sérverkefnasjóðs Rauða kross Íslands vegna þessa máls og samþykkti stjórn sjóðsins myndarlegt framlag í þessu skyni. Deildirnar ákváðu að leggja fram sömu upphæð og nú er verið að vinna að samkomulagi við Akraneskaupstað um framgang þessa máls. Þar kemur fram að bærinn ætlar að leggja til þess húsnæðið endurgjaldslaust og greiða orkukostnað. Þá mun kaupstaðurinn greiða í viðbót við þetta 2,5 milljónir króna árið 2003 til verkefnisins og 5 milljónir árið 2004. Frá og með því ári er gert ráð fyrir að málið verði alfarið á höndum bæjarfélagsins.

Í tengslum við þetta hefur sú hugmynd verið rædd að nota aðstöðuna fyrri hluta dags

fyrir fatlaða (geðfatlaða) og hefur félagsmálastjóri bæjarins sýnt því mikinn áhuga. Ef þetta tekst vel hafa deildirnar á Vesturlandi náð góðum áfanga í að vinna að þessum tveimur áherslumálum hreyfingarinnar.

Á síðasta vori var haldið flokkstjóranámskeið á Snæfellsnesi og var það vel sótt.

Á svæðisfundum í haust var ákveðið að deildirnar héldu áfram vinadeildasamstarfi við Gambíu um óákveðinn tíma. Ekki hefur verið mörkuð skýr stefna um í hverju frekari aðstoð deildanna væri fölgín, en deildirnar hafa áður sent fatagám til Gambíu og styrkt þar brunnagerð og rætt hefur verið um að gera slíkt hið sama á þessu ári.

## **Vestfirðir**

Allar deildir taka þátt í rekstri Gamla apóteksins sem hefur starfað nú í tæp tvö ár. Um er að ræða dæmigert Rauða kross verkefni sem vegur þungt í forvörnum og hefur sannað sig enda hafa fleiri aðilar víða um land notað þessa fyrirmynd.

Fjölmeningarsetrið á Vestfjörðum opnaði í lok júlí á þessu ári. Rauða kross deildir á svæðinu hafa þrýst á stjórnvöld um að koma á fót þessari stofnun og hefur það borið árangur. Stofnunin er rekin af Félagsmálaráðuneytinu en Rauða kross deildir afhentu stofnstyrk við opnunina. Nú hafa deildirnar ákveðið að styrkja verkefni sem unnið verður í Fjölmeningarsetrinu. Um er að ræða símsvörun, sem er fyrsta og eina sinnar tegundar á landinu og er ætlað að þjóna fólki af erlendum uppruna alls staðar af landinu.

Námskeið í sálrænni skyndihjálpi var haldið fyrir konur sem stunduðu nám í menntasmiðju kvenna. Nemendur voru m.a. konur á atvinnuleysisráði á starfssvæði Ísafjarðardeildar Bolungarvíkurdeildar og Dýrafjarðardeildar. Þessar þrjár deildir höfðu því samvinnu um þetta verkefni.

Vinadeildarsamstarfið sem hófst fyrir tveimur árum en enn í gangi og saumuðu börn í 6. bekk ungbarnaföt s.l. vetur og Grunnskólinn í Bolungarvík hefur lýst yfir vilja til að vinna sams konar verkefni. Svæðisráðið ásamt stjórnarmanni og svæðisfulltrúa fóru í heimsókn til vinadeildarinnar í Uzice í Júgóslavíu í nóvember 2001.

Fjármálanámskeið fyrir stjórnarfólk var haldið á vegum allra deilda í apríl og var þátttaka góð.

Hin árlega þjóðhátíð var haldin í mars og stóð að þessu sinni í viku. Eins og áður tóku Rauða kross félagar þátt í undirbúningi hátíðarinnar.

Sumarferð aldraðra var farin á vegum Rauða krossins eins og undanfarin ár.

Deildir á svæðinu styrktu gesti Vinjar, sem komu í sumarferð til Vestfjarða. Var almenn ánægja með móttökurnar.

Deildirnar á svæðinu höfðu frumkvæði að því að hefja könnun á stöðu geðfatlaðra á svæðinu. Faghópur er að vinna að því að kanna þörf fyrir þjónustu fyrir þennan hóp sem minna má sín samkvæmt landskönnunum sem Rauði kross Íslands lét gera. Í hópnum sitja yfirlæknir á heilsugæslustöð, forstöðumaður skóla og fjölskylduskrifstofu,

framkvæmdastjóri í málefnum fatlaðra, formaður Ísafjarðardeildar og svæðisfulltrúi Rauða kross Íslands.

Fatasöfnun fer fram hjá öllum deildum allt árið. Sífelld færir í aukana að fólk gefi föt til Rauða krossins.

Ungmennastarfið fer nú fram í húsnæði Gamla apóteksins. Á landsmóti URKÍ sem fram fór í Vestmannaeyjum í haust var slegið aðsóknarmet og áttu Vestfirðingar ekki síst þátt í því. Brynjar Brynjólfsson á sæti í fulltrúaráði URKÍ fyrir hönd Vestfirðinga.

Fræðslukvöld um trúmál var haldið á vegum allra deilda í samstarfi við önnur félög á svæðinu. Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður og rithöfundur og Salmann Tamimi formaður félags múslima fluttu erindi.

## **Norðurland**

Segja má að starfsemin hafi verið með nokkuð hefðbundnum hætti á Norðurlandi árið 2001.

Fastir liðir í svæðissamstarfinu héldu áfram að vera fastir og fremur eru að bætast við sameiginlegir viðburðir.

Skyndihjálparkvöld hafa verið haldin á Akureyri sl. ár og mælt vel fyrir. Haustið 1999 var til reynslu ákveðið að halda í stað skyndihjálparkvöldsins, skyndihjálparhelgi þar sem boðið var upp á dagskrá frá miðjum degi á föstudegi fram á miðjan dag á laugardegi. Þetta fyrirkomulag gafst vel og skyndihjálparhelgi var því haldin sl. haust í þriðja sinn.

Vorið 2001 var í fyrsta sinn ákveðið að boða stjórnarfolk í deildum á Norðurlandi til sameiginlegs fundar á Akureyri. Ákveðið hefur verið að gera vorfundinn að árvissum viðburði. Byrjað er á því að funda um málefni deildanna og önnur þau mál sem hæst ber í Rauða kross starfinu hverju sinni. Síðan er haldið til sameiginlegs skemmtikvöldverðar, þar sem allir stjórnarmenn í deildum og starfsmenn á svæðinu eru boðnir velkomnir ásamt mökum sínum.

Aðalfundur Rauða kross deilda á svæðinu var haldinn á Húsavík 13. október 2001. Í svæðissamstarfi á Norðurlandi gilda þær reglur að svæðisfundurinn er haldinn hjá þeim svæðisráðsmanni sem ganga skal úr ráðinu hverju sinni. Þetta hefur það hagræði í för með sér að nú vita allir að svæðisfundurinn næsta haust verður á Siglufirði, svo í Skagafirði haustið 2003 og í Óxarfirði haustið 2004.

Undanfarin ár hefur verið gerð starfs- og fjárhagsáætlun fyrir svæðissamstarfið á Norðurlandi og er það vel. Framundan er frekari þróun varðandi áætlanagerð, m.a. má nefna að í ljós hefur komið að gera þarf tvískipta áætlun, annars vegar fyrir svæðisstarfið sem aðallega fer fram á veturna og hins vegar áætlun sem tekur mið af reikningsári deildanna.

11 norðlendingar fóru til Genfar sl. vor. Heppnaðist förin hið besta og var mikil vítamínsprauta fyrir þá sem fóru.

Sumarbúðirnar að Löngumýri gengu vel sl. sumar. Boðið var upp á þrjú tímabil. Aðsókn var umfram rými og ánægjulegt er að geta þess að þátttakendur koma víðs vegar af landinu.

Vinadeildasamstarfið við Lesótó var í gangi sem fyrr og ráðist var í enn eina hannyrðasöfnun í árslok. Verkefnið er nú í endurskoðun og væntanlega verða lagðar fram hugmyndir um nýtt verkefni á næsta vörfundi. (4. maí 2002 á Akureyri).

Mikil áhersla er lögð á neyðarvarnir á svæðinu um þessar mundir. Í vetur verða samtals 4 flokkstjóranámskeið og markmiðið er að allar deildir hafi viðunandi fjölda flokkstjóra í vor. Þá er einnig í gangi áttak í endurskoðunum áætlana og miðar þokkalega.

Á Húsavík og í Skagafirði er unnið að opnun kaffi- og menningarhúss fyrir ungt fólk. Skagafjarðardeildin gekk til liðs við kirkjuna og heldur nú úti heimsóknarþjónustu í Skagafirði.

Siglfirðingar tóku á móti flóttafólki árið 2000. Komið hefur í ljós að ýmis verkefni falla til vegna verkefnisins er ekki lokið að fullu þó meira en ár sé liðið frá komu hópsins. Húsnæðismál deilda hafa tekið örum breytingum. Þegar þetta er ritað eru einungis 3 deildir af 13 á svæðinu sem ekki hafa fastan samastað undir starfsemi sína. Aðrar deildir hafa ýmist keypt eða leigt aðstöðu undir starf sitt. Víða hefur vel til tekist og skynsamlega, þó útfærsla húsnæðismála sé mjög mismunandi, allt eftir eðli og þörfum starfseminnar.

Á sl. ári var tekin sú ákvörðun að auka við starfshlutfall svæðisfulltrúa, enda er Norðurland nú stærsta svæðið, telur 13 deildir frá Þistilfirði í austri til Strandasýslu í vestri.

Til starfa var ráðin Guðný H. Björnsdóttir með aðsetur í Kelduhverfi en fyrir var Katrín María Andrésdóttir með aðsetur á Sauðárkróki. Hvor um sig gegna þær 80 % stöðu.

## **Austurland**

Fyrir austan er víða blómlegt starf í Rauða Kross deildum. Nokkrar deildir eru búnar að koma sér þaki yfir höfuðið og í febrúar 2001 tóku Héraðs- og Borgarfjarðardeild glæsilegt húsnæði í notkun á Egilsstöðum sem þau deila með Björgunarsveitinni. Deildirnar eru alls 11 og nær svæðið alla leið frá Vopnafirði að norðan til Hafnar í Hornafirði að sunnan.

Þar sem vegalengdir eru svo miklar var ákveðið að gera svæðisfundinn, sem haldinn var á Höfn, veglegri en verið hefur og halda námskeið fyrir deildafólk, seinni daginn. Á námskeiðið mættu 15 manns, þrátt fyrir aftakaveður. Þess má líka geta að mökum var boðið að koma með. Fyrri kvöldið borðuðu allir saman glæsilegan hátíðarkvöldverð á Hótel Höfn og var þetta nokkurs konar uppskeruhátíð ársins og allir hæstánægðir með þetta fyrirkomulag.

Á þeim svæðisfundi voru stofnaðir nokkrir vinnuhópar til að fást við þau áhersluverkefni sem eru í gangi. Fulltrúar í svæðisráði eru jafnframt fulltrúar í hverjum hópi.

Hóparnir eru :

- Vinnuhópur um framkvæmd þjóðahátíðar á Austurlandi, sem er eitt víðamesta verkefnið.
- Vinadeildavinir. Vinnuhópur um vinadeildasamstarfið. Farið verður í heimsókn til vinadeildarinnar Suður Afríku í apríl 2002.
- Vinnuhópur um stöðu geðfatlaðra á Austurlandi. Austfirskar deildir kostuðu á árinu könnun á stöðu geðfatlaðra. Niðurstöður komu út í skýrslu sem auðvelt ætti að vera að vinna eftir. Mun hópurinn fylgja eftir þeirri vinnu.
- Vinnuhópur um neyðarvarnir. Sá hópur á að miðla af þekkingu sinni og reynslu til þeirra sem eiga eftir að ganga frá áætluðum. Einnig að skipuleggja minni æfingar.

Langumfangsmesta verkefnið var Þjóðahátíð Austfirðinga sem var haldin í fyrsta skipti á Reyðarfirði 20. október. Undirbúningurinn hófst í byrjun maí þegar Albert Eiríksson, framkvæmdastjóri, Freyja Friðbjarnadóttir, svæðisfulltrúi og Esther Brune í svæðisráði fóru í heimsókn til Ísafjarðar og kynntu sér framkvæmd hátíðanna fyrir vestan. Verkefnið er af þeirri stærðargráðu ekki síst landfræðilega að ráðinn var framkvæmdastjóri, Albert Eiríksson til að vinna að því en vinnuhópurinn sem samanstóð af 6 sjálfboðaliðum vann ötullega með framkvæmdastjóra og svæðisfulltrúa allan tímann. Eitt af fyrstu skrefunum var að semja bréf til aðfluttra Austfirðinga og finna túlka. Formenn RKÍ deilda voru beðnir um að finna alla einstaklinga af erlendu bergi á sínum svæðum og senda nafnalista til vinnuhópsins. Sú athugun leiddi í ljós að á Austurlandi búa um 300 einstaklingar frá 35 löndum utan Íslands. Í kjölfarið var farið af stað með fundi og kynningar á hverjum stað fyrir sig. Vinnuhópurinn leitaði óspart eftir ráðgjöf ýmissa fagaðila og fengum við margar gagnlegar ábendingar rá þeim. Stofnaður var vinnuhópur til þess að sjá um útgáfu blaðs í tengslum við hátíðina. Í blaðinu birtust viðtöl og greinar við útlendinga ásamt öðru. Viðtölin voru á ensku og pólsku auk íslensku. Kynningarbréf voru send til leik-, grunn- og framhaldskóla á Austurlandi þar sem þjóðahátíðin var kynnt og óskað eftir verkefnum sem tengdust fjölmenningu. Myndasamkeppni var auglýst í 5. - 9. bekkjum grunnskólanna og þar áttu börn að teikna myndir með yfirskriftinni „Fjölmennig á Austurlandi“. Alls bárust 222 myndir í keppnina og valdi dómnefnd 13 myndir til að prýða dagatal fyrir árið 2002. Auglýst var eftir tengiliðum fyrir hverja þjóð og var hlutverk tengiliða að hafa samband við alla landa sína og miðla upplýsingum á milli vinnuhóps og þeirra. Einnig átti tengiliður að hafa umsjón með undirbúningi á kynningum. Auglýsingar og kynningar virtust virka vel því 12-1400 manns voru á hátíðinni þegar mest var og hefur annar eins fjöldi Austfirðinga sjaldan eða aldrei verið kominn saman á einum stað. Dagskráin sjálf var tvískipt. Hátíðadagskrá á sviði með ræðum, dansi, söng og hljóðfæraleik. Þar á eftir var gestum boðið að skoða þjóðakynningar í stofum í grunnskólanum. Einnig var kaffihús á efri hæð grunnskólans. Ýmsar kynningar voru auk þjóðakynninga, t.d. var Rauði krossinn og fleiri íslenskir aðilar með kynningar á svæðinu. Dagskráin stóð frá kl. 2 um daginn en flestir voru farnir um kl. 6. Vinnuhópurinn var sammála um að þetta verkefni væri bæði skemmtilegt og gefandi og kjörið til þess að virkja sjálfboðaliða. Vinnuhópurinn starfaði af mikilli samviskusemi og náði einstaklega vel saman.

## Suðurland/Suðurnes

Tímabundnu verkefni RKÍ og deilda á Suðurnesjum um rekstur sjálfbóðamiðstöðvar lauk um síðastliðin áramót og við þá breytingu hætti Birna Zophaníusdóttir störfum. Deildirnar á Suðurnesjum hafa nú að fullu tekið yfir rekstur sjálfbóðamiðstöðvarinnar. Starfshlutfall svæðisfulltrúa á Suðurlandi/Suðurnesjum var aukið úr 70% starfi í 100% starf. Svæðisstarfsmaður er Njörður Helgason. Svæðisskrifstofan flutti af Austurvegi 56 á Selfossi, yfir á Eyraveg 23 á Selfossi, í húsnæði sem Árnesingadeild RKÍ keypti á síðasta ári fyrir starfssemi deildarinnar.

Fulltrúafjöldi svæðisráðs var breytt frá þriggja manna svæðisráði yfir í átta manna svæðisráð, einn fulltrúi frá hverri deild, auk ungmennafulltrúa. Formaður svæðisráðs er Tómas Þórir Jónsson formaður Árnesingadeildar. Varaformaður er Guðfinna Bogadóttir formaður Grindavíkurdeildar.

Tveir sjálfbóðaliðar frá deildum á svæðinu, fóru í heimsókn til vinadeildarinnar í Sremsky Karlovsky í Bosníu ásamt Gesti Hrólfssyni starfsmanni Rauða kross Íslands og Guðnýju Sigurðardóttur úr stjórn Rauða kross Íslands. Þau Guðný og Jón Halldór sögðu frá ferð sinni í áhugaverðu erindi með myndum frá heimsókninni á svæðisfundinum í Vík í Myrdal.

Á svæðisfundinum var lagt til að halda áfram vinadeildasamstarfinu með auknu framlagi deilda á svæðinu. Í ársbyrjun 2002 samþykkti svæðisráð að auka framlagið úr einni milljón á ári í 1,5 milljónir. Hjá Suðurnesjadeild, Grindavíkurdeild, Árnesingadeild og Vestmannaeyjadeild sinna sjálfbóðaliðar heimsóknarþjónustu. Umfangið er mismikið. En eftirspurnin hefur sýnt að full þörf er fyrir þessa starfssemi.

Fimm sýningar á leikritinu Mirad voru í haust á svæðinu. Börnum úr efstu bekkjum grunnskólans var boðið á sýningarnar. Mæting frá skólunum var mjög góð. Jón Hjartarson leikstjóri og þýðandi verksins sagði að leikferðin hafi gengið vonum framár. Áhorfendur hafi tekið sýningunum vel. Unglingar geti verið erfiðir áhorfendur, þeir séu uppteknir hver af öðrum og sjálfum sér. Jón telur að sýningarnar hafi skilað sér til flestra áhorfenda og að þau hafi fundið til samkenndar með Mirad og saga hans hafi snortið þau. Jón bindur vonir við að leikritið hafi sáð frægum skilnings og umburðarlyndis hjá hinum ungu áhorfendum.

Rauða kross deildirnar á Suðurnesjum og Árnesingadeild aðstoðuðu Blóðbankann við blóðsafnanir á Selfossi, í Reykjanesbæ og Grindavík. Sjálfbóðaliðar taka á móti starfsfólki Blóðbankans og aðstoða við söfnunina. Einnig safna þeir blóðgjöfum á sínum heimavelli.

Fyrir jólin var hrundið af stað tilraunaverkefni deildanna á Suðurlandi, Árnes-, Rangárvalla- og Hveragerðisdeildum í samvinnu við Sorpstöð Suðurlands í móttöku notaðra leikfanga. Þónokkuð safnaðist af leikföngum í þessari fyrstu söfnun. Þau fóru á heimaslóð í þetta skiptið. En sá árangur sem varð af söfnuninni sýnir að möguleiki er á

að safna enn meiru í framtíðinni og að koma því sem safnast til fólks sem býr á öðrum svæðum.

Á Suðurnesjum hefur í nógu verið að snúast í verkefninu með Júgóslavneska flóttafólkinu sem kom þangað síðastliðið vor. Fyrir jólin voru „litlu jól“ þar sem flóttafólkið, stuðningsfjölskyldur þeirra og stýrihópur verkefnisins mættu. Jólasveinar færðu börnum pakka og sungu með börnum og fullorðnum. Á litlu jólunum kynntu þjóðir fyrir hvorri annari sína jólasíði og áttu saman góða jólastund.

Verkefni á landsvísu

Auk starfs í deildum um allt land fer fram mikið starf sem unnið er á vegum aðalskrifstofu félagsins. Hlutverk aðalskrifstofu er meðal annars að reka verkefni á landsvísu. Þar má telja sjúkraflutninga, almenna og sálræna skyndihjálp, neyðarvarnir og ungmennamál.

## Heilbrigðismál

Fjölbreytt verkefni eins og útgáfa á kennslu- og fræðsluefni, námskeiðahald, vinna við stefnumótun í skyndihjálp og kynningar settu mikinn svip á starf heilbrigðisdeildar á árinu.

Alls voru um 6000 einstaklingar sem sóttu námskeið í almennri skyndihjálp, 455 í sálrænni skyndihjálp um 500 manns sóttu námskeið félagsins um slys á börnum, forvarnir – skyndihjálp. Barnfóstrunámskeiðin voru vinsæl sem endranær og þau sóttu alls 461 einstaklingur.

Átaki í skyndihjálp var hleypt af stokkunum og veitti Davíð Oddson félaginu aðstoð sína við það. Samhliða var hafin sala á tösku með nauðsynlegum sjúkragögnum til að hafa í bílnum og aukin áhersla lögð á að breiða út þekkingu í skyndihjálp á meðal allra landsmanna.

Rauði krossinn hélt áfram vinnu gegn umferðarslysum en það er liður í alþjóðlegu samstarfi við önnur landsfélög og útflutningur á þekkingu í almennri og sálrænni skyndihjálp til Eistlands og Lettlands varð að veruleika.

## Skyndihjálp

Evrópudagurinn í skyndihjálp var haldinn hér á landi í annað sinn og að þessu sinni varð Kringlan fyrir valinu í Reykjavík. Á deginum minntu öll evrópsk Rauða kross landsfélög á mikilvægi skyndihjálpar. Rauði kross Íslands, ásamt 20 leiðbeinendum í skyndihjálp, Neyðarlínu 112, Blóðbankanum, Árvekni, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Vegagerðinni, Slökkviliðinu og SVFÍ Landsbjörg unnu saman að því að gera daginn sem bestan og var boðið upp á fjölbreytta dagskrá, kennslu í endurlífgun, spurningaleik, sett var á svið slys og björgun og gestir farðaðir með gervisárum. Deildir félagsins buðu upp á kynningu ma. Dagurinn þótti mjög vel heppnaður.

Samstarf við lögregluna

Rauði krossinn átt ánægjulegt samstarf við umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík á starfsdegi þeirra í maí. Föðunarhópur Rauða krossins vann við að slysaferða 18 "sjúklinga" fyrir æfinguna. Sett var á svið rútuslys á Hafravatnsvegi og æfð viðbrögð við slíku slysi. Fjölmargir komu að æfingunni sem var hin besta. Mikilvægt er að eiga samstarf sem þetta og ljóst er að slíkt bætir samskipti á milli aðila og auðveldar samvinnu þegar áföll dynja yfir.

### **Endurlífgunarráð**

Á liðnu ári skipaði Landlæknir sex lækna og tvo hjúkrunarfræðinga í nýtt ráð er nefnist Endurlífgunarráð. Því er ætlað að stuðla að betri vitund um viðbrögð við hjartastoppi og framkvæmd endurlífgunar hjá almenningi. Fulltrúi Rauða kross Íslands í ráðinu er Svanhildur Þengilsdóttir.

### **Bílataska**

Á haustdögum var markaðssett sjúkrataska í bíla, svokölluð Bílataska. Þetta var gert í samvinnu við Lyfjaverslun Íslands hf. sem kemur til með að sjá um alla umsýslu í kringum töskurnar. Rauði krossinn fær ákveðna upphæð af hverri tösku til að efla skyndihjálparkenndu í skólum á landinu. Taskan er seld í apótekum Lyfju og Lyf og Heilsu. Hluti af átakanu er samstarfssamningur Rauða krossins við Lyfjaverslun Íslands hf. um framleiðslu á bíltösku fyrir sjúkragögn, sem almenningur er hvattur til að hafa í bíl sínum.

**Samskipti og samstarf landsfélaga** á sviði skyndihjálpar hefur aukist töluvert á undanfórnum árum. Búið er að koma á fót Evrópumíðstöð skyndihjálpar með aðsetur í Brussel og eru þar 2 starfsmenn. Þetta er mikið framfaraspor og eykur líkur á betri samvinnu á milli landanna, auk þess sem samræming og upplýsingaflæði verður skilvirkara. Evrópskur vinnuhópur í skyndihjálpar sem samanstendur af um 25 landsfélögum var boðaður til fundar í Brussel í nóvember sl. þar sem megin efni fundarins voru umræður um hvernig megi samræma kennsludagskrá í skyndihjálpar og hvernig megi auka gæði kennslunnar. Tækifæri til skoðanaskipta og upplýsinga miðlunar um ýmis málefni er lúta að skyndihjálpar voru einnig vel nýtt. Vinna í stefnumótun í málefnum skyndihjálpar næstu árin er þegar hafin með aukna samræmingu landsfélaganna í huga. Önnur áhugaverð efni fundarins voru m.a. umferðaröryggismál, gæðastjórnun, alheimsverkefni í skyndihjálpar, framkvæmd nýrra leiðbeininga í endurlífgun, kynning á ráðstefnu og skyndihjálparkeppni auk kynningu á verkefnum. Einn norrænn fundur var haldinn í Bergen í júní, þar voru mættir fulltrúar allra norðurlandanna til að ræða málefni skyndihjálpar, hvernig er staðan í útgáfumálum, markaðssetning, kynning á mikilvægi skyndihjálpar, AED mál, evrópudagurinn í skyndihjálpar og fleira var tekið til umfjöllunar. Öflug norræn samvinna hefur einnig verið áberandi á Evrópufundum í skyndihjálpar og hafa því sjónarmið og hagsmunir norðurlandanna náð auðveldar í gegn en ella.

### **Sálræn skyndihjálpar**

Rauði krossinn hefur lagt aukna áherslu á fræðslu í sálrænni skyndihjálpar undanfarið ár með það að markmiði að búa sem flesta landsmenn undir það að geta veitt fyrstu



aðstoð eftir áfall. Hópur leiðbeinenda í sálrænni skyndihjálpi hefur fengið þjálfun á vegum Rauða krossins og deildir félagsins um allt land hafa bætt námskeiðum í sálrænni skyndihjálpi við framboð sitt á námskeiðum í almennri skyndihjálpi. Áfallahjálparteymi félagsins sem stofnað var í maí 2000 hittist reglulega á fræðslufundum.

### **Fræðsla til áfallahjálparteymis og leiðbeinenda í sálrænni skyndihjálpi**

Teymi Rauða kross Íslands í áfallahjálpi sem samanstendur af hópi sjálfboðaliða úr röðum presta, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og annarra fagstétta sótti marga áhugaverða fundi á árinu. Á þeim var m.a. fjallað um eftirfylgd í kjölfar jarðskjálfta á Hellu, fjölmiðlaþjálfun, skipulagt samstarf um áfallahjálpi á landsbyggðinni, kynningu á Rauða kross húsinu, sjálfsvíg, reynslu af áfallahjálparteymi í Vestmannaeyjum, einkenni áfallastreituröskunar, áfallahjálpi í skóla og myndun teyma í skólum. Allir þessir fundir voru mjög vel sóttir.

Í janúar kom hingað til landsins góður gestur Dr. Gerald Jacobs sem er yfirmaður "Disaster Mental Health Institute" við háskólann í S.-Dakota jafnframt því að vera prófessor í sálarfræði við sömu stofnun. Gerald hefur víðtæka þekkingu og reynslu af áfallahjálpi, m.a. á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Jacobs hélt áhugaverðan fyrirlestur um börn og áföll jafnframt því að verða með opinn fyrirlestur á Grand hóteli um muninn á hópslysum og annars konar áföllum, einnig rakti hann sögu viðbragða við flugslysum í Bandaríkjunum og lýsti viðbragðsáætlun bandaríska Rauða krossins vegna flugslysa.

Leiðbeinendur Rauða krossins í sálrænni skyndihjálpi eru um 20 talsins. Á hverju ári stendur til boða fræðsla fyrir þennan hóp sem snýr að útbreiðslu sálrænnar skyndihjálpar. Í ár var farið úr fyrir bæinn eina helgi þar sem m.a. var boðið upp á fræðslu tengda félagastuðningi, kennslufræði, listmeðferð og rætt var um aðkomu að flugslysaæfingum, að ógleymdu jóga sem ætlað var árrisulur. Einnig nutu leiðbeinendur góðs af komu Dr. Gerald Jacobs sem hélt fyrirlestur um börn og áföll svo og viðbrögð við flugslysum.

### **Samvinna Íslands og Eistlands**

Í janúar 2001 var ákveðið að Rauði kross Íslands mundi aðstoða Eistlendinga við það að þjálfa upp leiðbeinendur í sálrænni skyndihjálpi í Eistlandi. Rauði krossinn sendi þær Kolbrúnu Þórðardóttur, hjúkrunafræðing og Þórunni Finnsdóttur, sálfræðing í þetta verkefni. Þær eru báðar meðlimir í hinum svokallaða Roster hóp í Reference Center for Psychological Support í Danmörku. Roster hópurinn samanstendur af fagfólki sem hefur verið þjálfað til þess að veita fræðslu milli landa um sálræna skyndihjálpi og áfallahjálpi. Eistnesku þátttakendurnir höfðu verið sérstaklega valdir til þess að taka þátt í þessari þjálfun. Þeir þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði s.s. það að hafa reynslu sem heilbrigðistarfsmaður og hafa reynslu af kennslu. Niðurstaðan varð sú að valdar voru 16 konur og þær eru allar sálfræðingar. Kostnaðurinn við þetta verkefni dreyfðist milli Rauða kross Íslands og Rauða kross Eystlands með þeim hætti að RKÍ greiddi fargjöld og námskeiðsgögn en RKE upphald. Námskeiðið var haldið í Tallin í Eistlandi dagana 24. –

28. sept. 2001. Unnið var í litlum hópum og þurftu þátttakendurnir að setja sig inn í ýmis konar aðstæður og leysa margvísleg verkefni.

Megin markmið námskeiðsins voru:

1. að gera þátttakendur færa um að setja saman átta klst. þjálfunarnámskeið fyrir sjálfboðaliða í sálrænni skyndihjálpi.
2. að auka hæfni þátttakenda til að veita sálræna skyndihjálpi eftir stórslys eða hamfarir. Ákveðin þemu voru á hverjum degi s.s. kreppur, börn og áföll, samskipti, að hjálpa þeim sem hjálpar o.s.frv.

Lokaverkefni námskeiðsins var gerð námskeiðs í sálrænni skyndihjálpi fyrir sjálfboðaliða. Búin voru til þrjú námskeið fyrir þrjá mismunandi hópa þ.e. heilbrigðisstarfsfólk, kennara og björgunarsveitarmenn.

Leiðbeinendum fannst þeir geta sagt það í námskeiðslok að fyrra megin markmið námskeiðsins hafi verið náð, því allir skiluðu mjög góðum lokaverkefnum. Hvað seinna markmiðið varðar er ekki hægt að meta það svona stutt eftir námskeiðið.

## **Námskeið og fræðsla**

### **Vinnustaðanámskeið.**

Námskeið fyrir vinnustaði og hópa voru vel sótt á árinu og haldin voru u.þ.b. 90 námskeið. Lengd námskeiðanna var á bilinu 2 – 16 kennslustundir. Þó er greinilegt að 6 – 8 kennslustunda námskeið eru eftirsóttust. Um 20 leiðbeinendur áttu mjög gott samstarf við Rauða krossinn í tengslum við kennsluna og hafa þeir lýst yfir ánægju sinni með það að kenna undir merkjum Rauða krossins.

Þess má til gamans geta að mikill áhugi var á skyndihjálparfræðslu hjá starfsmönnum Vegagerðarinnar, en alls komu 75 starfsmenn fyrirtækisins á námskeið í skyndihjálpi.

### **Leiðbeinendanámskeið.**

Í janúar voru útskrifaðir 16 leiðbeinendur í skyndihjálpi og hafa þeir nú bæst í hóp þeirra 300 leiðbeinenda sem fyrir voru. Hinir nýútskrifuðu leiðbeinendur koma úr ýmsum áttum; um helmingurinn er hjúkrunarfræðingar en auk þess voru í hópnum lögregluþjónn, ökukennari og flugumferðarstjóri. Með svo mörgum leiðbeinendum bindur Rauði kross Íslands miklar vonir við að efla verulega útbreiðslu skyndihjálpar í landinu.

Leiðbeinendanámskeið í skyndihjálpi og björgun, hið þriðja í röðinni var haldið á árinu. Þátttakendur voru 10 og gekk námskeiði í alla staði mjög vel. Námskeiðið stóð í 2 daga og fór fram á tveimur stöðum; bókleg kennsla í kennslusal Rauða kross Íslands í Efstaleiti og verkleg kennsla í Sundhöll Reykjavíkur. Alls hafa um 40 einstaklingar tekið þetta viðbótarnámskeið sem veitir réttindi til þess að kenna skyndihjálpi á sundstöðum.

### **Endurmenntun og fræðslukvöld**

Á árinu voru haldin 2 fræðslukvöld. Á fyrra fræðslukvöldið kom góður gestur að norðan, Rósa Eggertsdóttir kennslufræðingur. Stóð hún fyrir sérdeillis áhugaverðri fræðslu um kennslufræði og hvernig hægt er að kenna á ýmsan annan máta en í formi fyrirlestra. Mikið var um hópavinnu þar sem allir þátttakendur fengu að spreyta sig við ýmis verkefni. Leiðbeinendur voru flestir sammála um að þessi innsýn í kennslufræði hefði

komið sér vel. Seinna fræðslukvöldið var kynning á niðurstöðum úr könnun sem Davíð Ottó Arnar ásamt fleirum gerðu á endurlífgun utan sjúkrahúsa. Davíð Ottó er hjartasérfræðingur að mennt og áhugamaður um allt er lítur að endurlífgun auk þess að vera nýskipaður formaður endurlífgunarráðs. Þess má einnig geta að Rauði kross Íslands styrkti framkvæmd rannsóknarinnar. Það helsta sem fram kom í rannsókninni var að nauðsynlegt er að kenna öllum endurlífgun þar sem lífslíkur aukast um helming ef endurlífgun er hafin strax, þar til sérhæfð aðstoð berst.

Endurmenntun og fræðslukvöld voru tengd saman og var það ætlað þeim leiðbeinendum sem vildu endurnýja skirteinin sín. Þátttakendur mættu á fræðslu um kennslufræði á föstudagskvöldinu og voru svo áfram á laugardaginn en þá var farið yfir nýjungar í endurlífgun og verklegar æfingar í skyndihjálpi.

### **Lífsleikni kennsla**

Menntaskólinn í Reykjavík óskaði eftir samstarfi í tengslum við kennslu í skyndihjálpi sem hluta af lífsleikni. Leiðbeinandi frá Rauða krossinum, Eggert Hjartarson, setti saman fyrirlestur þar sem farið var í skyndihjálpi tengda ölvun, eiturlyfjanotkun og ofbeldi tengt því. Voru nemendur og kennarar var mjög ánægðir með þennan fyrirlestur og mun hann án efa nýtast enn frekar í skyndihjálparfræðslu til þessa aldurshóps. Á þemadögum í Breiðagerðisskóla var skyndihjálpin gert hátt undir höfði. Það er skemmst frá að segja að þau í Breiðagerðisskóla voru mjög ánægð og sendu þakkarbréf þar sem Eggerti, leiðbeinanda, var hrósað fyrir kennsluna.

### **Kynning á einfaldari skyndihjálpi 8. maí**

Fjöldi starfsmanna Rauða krossins og leiðbeinenda í skyndihjálpi ásamt félögum úr ungmennahreyfingunni var saman kominn á Austurvelli þann 8. maí á alþjóðadegi Rauða krossins, til þess að kynna fyrir almenningi nýjar aðferðir við endurlífgun. Tjaldbúðir voru reistar og innan þeirra voru kennslubrúður þar sem gestum og gangandi var boðið að reyna endurlífgun undir vökulum augum leiðbeinenda í skyndihjálpi. Ein stærsta breytingin sem kynnt var er sú að nú er ekki byrjað á að leita eftir púlsi á meðvitundarlausum einstaklingi, heldur er lögð á það áhersla að meta merki um blóðrás og hefja svo endurlífgunartilraunir tafarlaust. Kannanir sem gerðar hafa verið sýna að lífslíkur þeirra sem á annað borð má bjarga aukast um 50 prósent sé endurlífgun hafin strax á vettvangi. Bæklingum var dreift og fólk hvatt til að sækja námskeið í skyndihjálpi.

## **Útgáfa**

### **Kennsluleiðbeiningar**

Á árinu voru gefnar út kennsluleiðbeiningar við kennslubókina Skyndihjálpi og endurlífgun en sú kennslubók kom út árið 2000. Leiðbeiningarnar eru á rafrænu formi og þær er að finna á heimasíðu Rauða kross Íslands. Kennsluleiðbeiningarnar koma að notum við skyndihjálparkennslu á námskeiðum í skyndihjálpi. Þær innihalda leiðbeiningar um hvern kafla fyrir sig og gefa hugmyndir að kennslufyrirkomulagi. Kaflarnir eru sjálfstæðir og má lesa í þeirri röð sem hentar best skipulagi hvers námskeiðs. Við gerð leiðbeininganna var lögð áhersla á að gera kennslu á námskeiðum í

skyndihjálpi fjölbreyttari en hún hefur verið og þar með áhugaverðari. Fjölbreytt kennsla fangar frekar áhuga nemenda á skyndihjálpi og virkjar þá í náminu.

### **Kennsluglærur**

Búið er að vinna margmiðlunardisk sem inniheldur kennsluglærur í skyndihjálpi og tekur mið af kennslubókinni Skyndihjálpi og endurlífgun og kennsluleiðbeiningunum. Glærunum er ætlað að vera hjálpartæki við kennsluna og eiga alls ekki að koma í staðinn fyrir notkun annarra kennsluaðferða. Bent er á nauðsyn þess að nota aðrar kennsluaðferðir samhliða fyrirlestri og glærusýningu til þess að virkja nemandann í náminu og stuðla að fjölbreyttri og skemmtilegri kennslu.

### **Aðstoð við börn eftir áfall**

Þeir sem lenda í atburðum eins og bruna, jarðskjálfta eða bíslýsi verða oftast fyrir miklu áfalli. Börn eru sérstaklega viðkvæm við slíkar aðstæður. Það skiptir því miklu máli að þeir sem standa barninu næst viðhafi rétt viðbrögð. Í nýútgefnum bæklingi er að finna almennar leiðbeiningar um hvernig hægt er að vinna að því að barn endurheimti öryggi sitt á ný og nái fyrra jafnvægi, fjallað er um mismunandi viðbrögð barna eftir aldri og hvernig á að aðstoða börn eftir áfall og hvenær er rétt að leita til fagmanna.

### **Neyðarvarnir**

Ýmislegt sem gert var á árinu. Neyðarvarnafulltrúi var ráðinn til starfa á aðalskrifstofu Rauða kross Íslands.

Allt árið var unnið við endurnýjun samkomulags við Almannavarnir ríkisins en ekki tókst að ljúka þeirri vinnu á árinu. Unnið var að samræmingu upplýsinga um fjöldahjálparstöðvar í samvinnu við sýslumenn landsins. Fulltrúum Rauða kross Íslands í samhæfingarstöð Almannavarna ríkisins var fjölgað úr 4 í 8 að beiðni Almannavarna ríkisins.

Deildir landsins unnu ötullega að endurnýjun neyðarvarnaáætlana sinna, en ekki er að fullu búið að ná því takmarki að allar deildir séu með uppfærðar áætlanir. Haldnir voru nokkrir fræðslufundir um neyðarvarnir á árinu bæði á deildar- og svæðisvísu.

Deildir Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu héldu neyðarvarnadag í október. Voru allar deildir með opið hús og buðu upp á fjölbreytta dagskrá til að fræða almenning um hlutverk Rauða kross Íslands í almannavarnakerfinu og staðsetningu fjöldahjálparstöðva á svæðinu.

### **Merking á fjöldahjálparstöðvum Rauða kross Íslands**

Langþráður draumur varð að veruleika þegar lokið var við hönnun og framleiðslu á skiltum sem koma til með að prýða 160 fjöldahjálparstöðvar á landinu. Munu skiltin verða sett upp í samvinnu við almannavarnanefndir og sveitarfélög.

### **Sameiginlegt boðunarkerfi allra viðbragðsaðila**

Í lok ársins var gerður þjónustusamningur við Neyðarlínuna um aðgang Rauða kross Íslands að sameiginlegu útkallskerfi sem hannað er fyrir alla viðbragðsaðila í landinu. Mun þetta væntanlega koma til með að stytta viðbragðstíma. Einnig kemur það í veg fyrir að fólk geti haft mörg hlutverk innan kerfisins en aðeins er gert ráð fyrir að hægt sé að sinna einu hlutverki í útkalli.

### **Flokksstjóranámskeið á árinu**

Haldin voru 5 flokksstjóranámskeið á árinu, í Hafnarfirði, Ólafsvík, á Egilsstöðum, Skagaströnd og Skagafjarðardeildin hélt námskeið á Löngumýri í Skagafirði. Flest námskeiðin voru haldin á svæðisvísu þannig að nágrennadeildir sendu deildarfólk á námskeiðin. Á þessum námskeiðum voru menntaðir 110 flokksstjórar og 6 endurnýjuðu skírteini sín.

### **Flugslysaæfingin Sauðárkrókur 2001**

Flugslysaæfing var haldin undir stjórn Flugmálastjórnar. Æfingin var haldin á Sauðárkróki í lok apríl og var Rauði kross Íslands þátttakandi í æfingunni eins og endranær. Aldrei hafa fleiri virkir sjálfbóðaliðar og starfsmenn Rauða krossins tekið þátt í undirbúningi og æfingunni sjálfri.

Þátttakendur Rauða kross Íslands:

26 sjálfbóðaliðar frá Skagafjarðardeild Rauða kross Íslands

2 sjálfbóðaliðar frá Skagaströnd

8 starfsmenn og sjálfbóðaliðar úr útkallshópi Rauða kross Íslands

Byrgið, 2 starfsmenn

Stjórnstöð Rauða kross Íslands í Efstaleiti, 2 starfsmenn og 2 héraðsprestar af höfuðborgarsvæðinu

Þáttur Rauða kross Íslands í æfingunni var eins og áður að sinna fjöldahjálp og félagslegu hjálparstarfi og var það gert samkvæmt nýuppfærðri neyðarvarnaráætlun Skagafjarðardeildar Rauða kross Íslands, áætlun flugvallarins og hópslysaáætlun sjúkrahússins. Neyðarnefnd Rauða kross deildarinnar var að störfum og stýrði aðgerðum Rauða krossins og einnig var deildarfólk að störfum í aðgerðastjórn sem auðveldaði alla samvinnu. Aðgerðin fólst í opnun fjöldahjálparstöðva í Fjölbrautarskólanum og var gert ráð fyrir að þar væri einnig hægt að annast óslasaða uns möguleiki væri á að sameina þá aðstandendum, þ.e. ef ekki var hægt að taka á móti þeim á sjúkrahúsi og starfrækslu upplýsingaþjónustu fyrir aðstandendur í umboði almannavarnanefndar. Mikil og góð samvinna var við alla samstarfsaðila og kom deildarfólk að umönnun óslasaðra á vettvangi og dyragæslu á sjúkrahúsi.

Í fyrsta skipti var sett upp sérstakt vinnuþáttur með sérniðna fræðslu fyrir sjálfbóðaliða Rauða krossins sem fjölmargir sjálfbóðaliðar deildarinnar nýttu sér og var það unnið með Katrínu Maríu Andrésdóttur, svæðisfulltrúa Rauða krossins á Norðurlandi. Þessir vinnudagar voru einnig notaðir af hópstjórum til að funda með öðrum vinnuhópum til að stilla saman strengi fyrir æfinguna. Sérstök áhersla var lögð á fræðslu varðandi fjölmiðlaframkomu og sálræna skyndihjálp. Vorum við svo heppin að fá með okkur í

undirbúninginn starfsfólk aðalskrifstofu Rauða krossins, þau Elínu Jónasdóttur deildarstjóra RKÍ í sálrænni skyndihjálp og Þóri Guðmundsson upplýsingafulltrúa RKÍ sem eru sérfræðingar í þessum málaflokkum.

Æfingunni var hætt vegna þess að slökkviliðsmaður frá Sauðárkróki lést. Haldinn var sameiginlegur fundur með öllum þátttakendum æfingarinnar í Fjölbautarskólanum þar sem starfrækt var fjöldahjálparstöð skv. skipulaginu. Þetta var fjölmennur fundur og aðstoðuðu sjálfboðaliðar Rauða krossins við allan undirbúning.

Æfingin tókst mjög vel þrátt fyrir að ekki hafi verið hægt að ljúka henni. Greinilegt var að þarna var samankominn hópur fólks sem var ákveðið í því að fá sem mest út úr æfingunni og hefur án efa mikið áunnist í viðbúnaði heimamanna.

### **Viðbrögð Rauða kross Íslands vegna útkalla á árinu:**

Viðburðarík útköll urðu á árinu og má nefna að í tvígang var Rauði kross Íslands settur á viðbúnaðarstig vegna sprengjuhótunar í farþegaflugvél. Ekki kom til allsherjar útkalls þar sem óþrúttnir náungar virðast hafa verið að verki og eftir ítarlega leit var ferð vélanna haldið áfram.

### **Rútuslys við Hólaskjól skammt frá Eldgjá og opnun fjöldahjálparstöðvar á Kirkjubæjarklaustri**

Þann 6. ágúst varð rútuslys við Hólakofa í Skaftártunguafrétti. Í rúturni var fólk af ýmsu þjóðerni og voru þrír slasaðir. Sex voru strax fluttir til Reykjavíkur til skoðunar á sjúkrahúsi, tveir með þyrlu, tveir með sjúkrabíl og tveir með björgunarsveitarbíl Kyndils.

Um klukkustund eftir útkall eða um kl. 19 óskaði vettvangsstjóri eftir því að opnuð yrði fjöldahjálparstöð í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri. Neyðarvarnaáætlun Klausturdeildar Rauða kross Íslands var virkjuð. Mættu 19 manns til starfa í fjöldahjálparstöðinni, sjálfboðaliðar deildarinnar, 1 læknir, 1 hjúkrunarfræðingur, 1 prestur og 2 fararstjórar með góða tungumálakunnáttu sem staddir voru á Klaustri.

Um kl. 21:30 komu gestirnir í Fjöldahjálparstöðina, alls 33 af 7 þjóðernum. Þar voru 14 þjóðverjar, 9 frakkar, 4 svisslendingar, 2 englendingar, 2 íslendingar, 1 spánverji og 1 pólvverji. Skráning gekk vel en fólkið var fengið til að skrá sig sjálft með aðstoð RKÍ fólks. Fólkinu var gefin heit súpa, brauð, kaffi og meðlæti ásamt koníakssopa. Hjúkrunarfólk og prestur gáfu sig á tal við fólk og má segja að þar hafi átt sér stað einstaklings áfallahjálp. Seinna um kvöldið fóru 6 manns á heilsugæslustöðina til nánari skoðunar.

Um kvöldið fóru fyrstu einstaklingarnir úr fjöldahjálparstöðinni og héldu ferð sinni áfram austur í Skaftafell og einn fékk gistingu á hótelinu. Vakt var í fjöldahjálparstöðinni um nóttina og gistu þar 26 manns. Um morguninn voru allir skráðir út en áður en fólkið hélt af stað þáði það morgunmat á Hótel Kirkjubæjarklaustri í boði Rauða kross deildar.

### **Fokker flugvél með bilaðan hjólabúnað til lendingar á Reykjavíkflugvelli**

Þann 24 ágúst 2001 var viðbúnaður vegna þess að Fokkerflugvél með bilaðan

lendingarbúnað var að koma inn til lendingar á Reykjavíkflugvelli. Viðbúnaðarstigi var aflétt áður en til útkalls sjálfboðaliða kom.

## 11. september 2001

### Viðbrögð Rauða kross Íslands í kjölfar hryðjuverka í Bandaríkjunum

Þann 11. september var viðbúnaðarstaða í stjórnstöð aðalskrifstofu RKÍ og hjá Suðurnesjadeild RKÍ, vegna flugvéla sem ekki gátu farið vestur um haf vegna „flugbanns“ í USA vegna hinna hörmulegu atburða í WTC. Ekki varð ástandið eins slæmt og virtist í fyrstu þar sem mögulegt var að senda vélarnar áfram til Evrópu. En búið var að stoppa allt flug til Bandaríkjanna vegna hryðjuverka og um 1000 farþegar voru væntanlegir. Þetta varð ekki eins mikið og ætlað var því flestum vélunum var snúið til baka eftir að hafa fengið eldsneyti. Var Rauði krossinn í viðbragðsstöðu vegna 350 farþega sem fóru á hótél í Reykjavík.

Daginn eftir eða 12. september óskuðu Flugleiðir formlega eftir aðstoð Rauða kross Íslands við að annast þá flugfarþega sem ekki komust til Bandaríkjanna. Fulltrúar frá Rauða krossinum fóru til fundar við farþegana og komu inn á upplýsingafund Flugleiða kl. 11 um morguninn til að upplýsa um hlutverk Rauða krossins og kanna þörf fólksins. Var ákveðið og opna fjöldahjálparstöð í Reykjavík. Opnuð var fjöldahjálparstöð í Sjálfboðamiðstöð Reykjavíkurdeildar RKÍ og var hún opin uns farþegarnir fóru úr landi. Stöðin var hugsuð fyrir farþegana til að fá upplýsingar og aðstoð, svo og gistingu og mat. Í stöðinni var starfræktur upplýsingasími sem var opin allan sólahringinn. T.d. hringdi faðir frá Bandaríkjunum í tilraun sinni við að leita að dóttur sinni. Hún fannst síðan á hóteli í Reykjavík. Fólkið óskaði eftir margskonar aðstoð en oftast var þörfin á að komast til læknis eða fá lyf því fólk gerði ráð fyrir að komast heim án þessari lengdu viðveru á Íslandi.

Flugleiðir buðu farþegunum að gista án endurgjalds fyrsta sólahringinn en eftir það var þeim útveguð gisting á niðursettu verði. 5 farþeganna óskuðu eftir gistingu hjá Rauða krossinum og voru þeir í umsjón sjálfboðaliða Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands og gistu í Rauðakrosshúsinu. Einnig óskuðu 10 farþegar eftir aðstoð Suðurnesjadeildar Rauða kross Íslands á Suðurnesjum og greiddi deildin úr þeirra vanda og útvegaði þeim gistingu og fæði.

Áfallahjálparteymi Rauða kross Íslands var kallað til starfa og fóru fulltrúar frá teyminu með Flugleiðafólkinu til aðstoðar ef á þyrfti að halda. Þó má segja að fulltrúar Rauða krossins hafi mest verið í að sinna sálrænni skyndihjálpi með nærveru sinni og við heimför sögðu farþegarnir að þeir væru þessari nærveru afar þakklátir.

### Trúðasaga

Einn atvinnutrúður (Brady Bradshaw) kom til okkar og spurði hvort við ættum skó. Hann hafði verið að koma út vinnuferð til Evrópu og ætlaði að vera voða sniðugur þegar börnin hans næðu í hann á flugvöllinn og skellti sér í vinnugallann (trúðagalla með öllu). Hann var í ekta trúðaskóm sem voru farnir að særa hann verulega og því hafði gamanið sem sé snúist gegn honum í tóm sárindi. Það endaði þó allt vel því Rauði

krossinn brást ekki frekar en fyrri daginn og splæsti Reykjavíkurdeldin skóm á hann. Langaði hann mest í köflotta flókainnskó en því miður voru þeir ekki til í hans númeri þannig að hann valdi sér þægilega inniskó og sagði að hann yrði þeim ævinlega þakklátur.